



FRÉTTABLAÐIÐ

Vélin gæti þurft að bíða fram á vor

Munir sem fylgdu líkamsleifum manna sem fórust með TF-ABB í Þingvallavatni munu nýtast í þágu rannsóknarinnar. Mánuðir geta liðið þar til niðurstöður krufninga liggja fyrir. Björgun flugvélarflaksins gæti dregist til vors.

ingunnlara@frettabladid.is

BJÖRGUN „Það liggur við að segja að það bíði til vors,“ segir Oddur Árnason, yfirlöggregluþjónn hjá Lögreglunni á Suðurlandi, um framhald aðgerða á Þingvallavatni.

Unnið var að leit að flugvélinni TF-ABB og flugmanni ásamt þremur erlendum farþegum í síðustu viku. Sú vinna bar þann árangur að flugvélin fannst í Ölfusvatnsvík og skammt frá henni lík þeirra fjögurra sem voru um borð. Kafarar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslunnar og sérsveitar Ríkislögreglustjóra ásamt starfsmönnum Köfunarþjónustunnar ehf. lyftu líkunum frá botni með fjarstýrðum kafbát fyrirtækisins og færðu í hendur kafara sem komu þeim fyrir í segli. Þau voru síðan hífð um borð í bát og flutt í land.

Flugvélarflakið liggur enn á botni Þingvallavatns og lögreglan þurfti að hætta við aðgerðir eftir að vatnið lagði. Fundað var í gær um framhald aðgerða en nokkuð ljóst er að ekki sé unnt að ganga í verkefnið fyrir en hlýnar í veðri. „Vatnið er bara ísilagt núna og við erum ekkert að fara að eiga við þetta næstu daga eða vikur,“ segir Oddur. „Við hættem við aðgerðir út af is og við erum ekki að fara í þá stöðu aftur.“

Þegar hinir látnu voru sóttir af botni vatnsins fylgdu með þeim persónulegir munir sem nýtast í

”

Vatnið er bara ísilagt núna og við erum ekkert að fara að eiga við þetta næstu daga eða vikur.

Oddur Árnason, yfirlöggregluþjónn hjá Lögreglunni á Suðurlandi

þágu rannsóknarinnar samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Upptökur úr öryggismyndavélum við Þingvallavatn sem varpa ljósi á það sem gerðist eru í fórum lögreglu. Oddur segir lögregluna ekki veita upplýsingar um einstaka þætti rannsóknarinnar og því verði ekki sagt frá innihaldi myndefnisins að svo stöddu til að það hafi ekki áhrif á framburð mögulegra vitna.

Ekki eru komnar niðurstöður úr krufningu og mánuðir gætu liðið áður en þær liggja fyrir, að sögn Odds. Að krufningu lokinni fá aðstandendur líkin afhent til greftrunar. Bið eftir niðurstöðunum muni ekki teyja afhendinguna sjálfa.

Aðgerðir til að ná í flugvélinu munu kosta sitt og hefur lögreglan verið í samskiptum við tryggingafélag flugvélarinnar um greiðslu kostnaðarins. Ekki er komin niðurstaða í þau mál en Oddur segir að samskipti við tryggingafélagið hafi verið góð. ■

Vildi vekja athygli á ráðherrastól

MARKAÐURINN Stefánía Óskarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segist telja að með ummælum sínum um að bankarnir ættu að nota „ofurhagnað“ sinn til að greiða niður vexti fólksins í landinu hafi Lilja Alfreðsdóttir,

menningar- og viðskiptaráðherra, verið að senda skilaboð til ákveðinna aðila innan og utan ríkisstjórnar og minna á að hún sé ekki aðeins menningarmálaráðherra heldur líka viðskiptaráðherra.

SJÁ SIÐU 11



Unnið í kuldanum við að hifa strandveiðibát sem sókk í Hafnarfjarðarhöfn í gær. Verkið tók ekki langan tíma en báturinn hafði nýlega verið gerður upp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA
AFHENDING

Lýsa áhyggjum af yfirheyrslum

helenaros@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Félag fréttamanna lýsir áhyggjum og undrun yfir því að Lögreglan á Norðurlandi eystra hafi veitt blaðamönnum stöðu sakborninga og kallað til yfirheyrslu vegna starfa þeirra.

Lögreglan hefur tilkynnt Aðalsteini Kjartanssyni, blaðamanni á Stundinni, Arnari Þór Ingólfssyni, blaðamanni Kjarnans, og Þórði Snæ Júlíussyni, ritstjóra Kjarnans, að þeir séu grunaðir um brot á friðhelgi einkalífsins vegna umfjöllunar um svokallaða skæruliðadeild Samherja í fyrravor.



Lögreglan vill ekki veita upplýsingar um málið að svo stöddu.

Þóra Arnórsdóttir, ritstjóri Kveiks á RÚV, hefur einnig verið kölluð til yfirheyrslu. Sigríður Dögg Auðunsdóttir, formaður Blaðamannafélags Íslands, segir óskiljanlegt að lögreglan sé að rannsaka málið.

Páll Steingrímsson, skipstjóri hjá Samherja og einn þeirra sem kom fram í umfjölluninni, kærði stuld á síma sínum í maí í fyrra. ■

Greitt fyrir akstri á Hellisheiði



Snjósköflum á Hellisheiðinni rutt úr vegi eftir mikla snjókomu en á undanförunum dögum hefur endurtekið þurft að loka fyrir akstur á heiðinni vegna veðurs. Vetrarþjónusta getur reynt erfiðari á heiðinni en á öðrum stöðum þar sem vegurinn er umferðarþungur og úrkoma mikil. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ræðir rafbyssur við lögreglustjórana

ser@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Jón Gunnarsson dómsmálaráðherra mun á næstu dögum funda með lögreglustjórum landsins um hvort rafbyssuvæða eigi almenna lögregluþjóna. Sjálfur kvaðst hann á Fréttavaktinni á Hringbraut í gær eindregið þeirrar skoðunar að bæta þurfi öryggismál lögreglumanna og að notkun rafbyssna komi vel til greina.

Jón segir að lögregluþjóni á hinum Norðurlöndunum, sérstaklega í Noregi og Svíþjóð, hafi varað yfirvöld á Íslandi við því að tíðari vopnaviðskipti í undirheimum yrðu að veruleika hér á landi eins og gerst hafi ytra. Þess sjáist nú stað í auknum mæli. Íslendingar þurfi því að taka umræðuna um hvernig öryggi lögreglumanna í breyttum aðstæðum verði sem best tryggt.

Hann segir að rafbyssuvæðing hafi reynt vel á hinum Norðurlöndunum og í Bretlandi og dregið



Jón Gunnarsson, dómsmálaráðherra

þar úr alvarlegum meiðslum bæði lögreglumanna og afbrotamanna þegar til átaka hafi komið á milli þeirra. Ógnin af rafbyssunum sjálfum hafi haldið aftur af glæpamönnum á vettvangi.

Aðalatriðið í þessum efnunum sé að viðurkenna veruleikann sem blási við, „um 300 útköll sérsveitar lögreglunnar á síðustu árum tengdust vopnaviðskiptum,“ bendir hann á – og nú sé svo komið að berskjaldaðir lögreglumenn með kylfuna eina að vopni veigri sér við að standa vaktina á þeim svæðum þar sem tíðni afbrota er hæst, svo sem í miðborg Reykjavíkur um helgar og nætur. ■

Snjórinn huldi sprunguna við Hakið á Þingvöllum

Danskur drengur féll nokkra metra niður í sprungu við Hakið á Þingvöllum í gær. Betur fór en á horfðist og náðist drengurinn upp skömmu síðar.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta fór allt eins vel og það gat farið og fyrir mestu að barnið er óskaddað,“ segir Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum, en danskur drengur féll niður nokkra metra í sprungu við Hakið á Þingvöllum.

Drengurinn er staddur hér á landi með fjölskyldu sinni og hafði verið að skoða Þingvelli. Þegar þau ætluðu að fara upp á útsýnisvallinn við Hakið fóru foreldrarinn merkta leið en drengurinn tók á rás með fyrrgreindum afleiðingum. Mikill snjór er í þjóðgarðinum líkt og annars staðar á landinu og bendir Einar á að langt sé síðan hann hafi séð slík snjóalög.

Einar segir að öllum hafi verið létt þegar drengurinn og björgunarsveitarmaðurinn Hreinn Heiðar Jóhannsson voru hífðir upp úr sprungunni og farið verði yfir atvikið og athugað hvort þjóðgarðurinn geti tryggt öryggi gesta sinna. Einar áætlað að tíu til tólf rútur hafi verið á Þingvöllum þegar atvikið átti sér stað.

„Það er þarna gjá sem markar útsýnisvallinn til austurs og að öllu jöfnu sést hún mjög greinilega. Eins og ég skildi þetta fóru foreldrarinn upp en barnið tekur á rás og beina stefnu yfir sléttan snjó og húrrar niður.“

Hreinn var staddur skammt frá að moka snjó og hikaði hvergi þegar komið var að gröfunni hans til að greina frá hvað hefði gerst. „Hann var nánast við hliðina á þessu og það fer allt á fullt. Hreinn Heiðar fór



Slysið varð rétt við Hakið. Hreinn lét sig síga niður með því að nota gröfuna sína en töluverður viðbúnaður var vegna slyssins. MYND/EINAR Á.E. SÆMUNDSEN



Hreinn Heiðar fór þarna niður og tryggði guttann og var í samskiptum við hann, þannig að þetta gekk vel en auðvitað er fyrir mestu að barnið var óskaddað.

Einar Á.E. Sæmundsen, þjóðgarðsvörður á Þingvöllum

10-12

Þegar slysið varð í gær voru 10-12 rútur á Þingvöllum.

þarna niður og tryggði guttann og var í samskiptum við hann, þannig að þetta gekk vel en auðvitað er fyrir mestu að barnið var óskaddað,“ segir Einar.

Hann segir að hetja gærdagsins, Hreinn Heiðar, sé vaskur til verka og að hann þekki hann af góðu einu. „Þegar skefur svona ofboðslega blæs yfir sprungurnar og þær geta orðið svona varasamar. Engu að síður munum við rýna í þetta atvik og athuga hvað við getum gert til að þetta komi ekki aftur fyrir.“ ■

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Nýr MG ZS EV

Nýtt útlit og 440 km drægni



Endurræsa
Endurhugsa
Endurhlaða

Nýr MG ZS EV er hinn fullkomni 100% rafbíll fyrir daglegan akstur, útréttingar og spennandi ferðir út úr bænum þegar þér dettur í hug. MG tekur hagkvæman, rafdrifinn akstur enn lengra með ferskri hönnun, uppfærðri tækni og tvenns konar rafhlöðukostum sem opna enn fleiri leiðir til framtíðar.

MG ZS EV 72 kWh Luxury

440 km drægni*, 500 kg dráttargeta, 7 ára ábyrgð!
Verð: 5.490.000 kr.

mgmotor.is

Recharge yourself



Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



*Uppgefnar tölur um drægni taka mið af nýjum WLTP prófum. Aksturálag, hitaálag og ástand vega hefur áhrif á drægni rafbílla. ENNEEM / SIA / NMO08860



Ærslabelgur í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Reglur um öryggi leikvalla hertar

kristinnhaukur@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Umhverfisráðuneytið hefur birt drög að nýrri reglugerð um öryggi á leikvöllum. Tekur hún við af reglugerð frá 2002. Síðan þá hafa orðið nokkur alvarleg slys á leikvöllum, þar á meðal banaslys.

Reglurnar taka til alls er flokkast sem leikvellir. Þar á meðal ærslabelgja, klifurveggja og vatnsleiktækja.

Ábyrgð rekstraraðila er aukin og kveðið markvissara á um að tæki uppfylli alþjóðlega staðla þegar kemur að öryggi. Vellirnir verða skoðaðir á þriggja ára fresti. Þá verða rekstraraðilar að halda sérstaka handbók um leikvelli sem heilbrigðisnefnd hafi aðgang að. ■

Nýr sparisjóður fær starfsleyfi

arib@frettabladid.is

VIÐSKIPTI Seðlabankinn hefur veitt fjártækniyfirtækini indó leyfi til að starfa sem sparisjóður. Indó hefur í gegnum fjárfesta tryggt sér 600 milljónir króna í fjármögnun sem er helsta skrefið til að fá starfsleyfi.

Í svörum indó við spurningum Fréttablaðsins kemur fram að ekki liggur fyrir hversu langan tíma það mun taka að opna fyrir aðgang landsmanna að sparisjóðnum. Til þess þarf að samþætta tölvakerfi við kerfisinnviði Seðlabankans og Reiknistofu bankanna. Til stendur að halda blaðamannafund á næstunni.

Indó er í meirihlutaeigu Hauks Skúlasonar, sem er einnig framkvæmdastjóri, og Tryggva Björns Davíðssonar, sem var áður framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka.

Til að byrja með verður aðeins boðið upp á debetkortareikninga hjá nýja sparisjóðnum. ■

Bóndi segir íslensku blómin ódýrari en innflutt

birnadrofn@frettabladid.is

TOLLAMÁL „Tollar eru umhverfi til að vernda innlenda framleiðslu og ekkert annað,“ segir Axel Sæland, blómabóndi á Espiflöt.

Axel á Espiflöt segir rétt að innlendir blómaframleiðendur anni ekki eftirspurn á stærstu blómadögum ársins. Alla hina dagana geri þeir það hins vegar.

„Í febrúar eru bæði konudagur og Valentínusardagur og við eigum

ekki möguleika á að anna því. Hina dagana önnum við þó markaðnum,“ segir Axel.

Að sögn Axels hefur sala blóma í kringum mæðradaginn einnig farið vaxandi. Mæðradagurinn sé aðra helgina í maí og um svipað leyti sé mikið um útskriftir þannig að á þeim tíma aukist einnig innflutningur á blómum.

Á vef Félags atvinnurekenda segir að verð á innfluttum blómum sé hátt og að ástæðan sé hár tollkvóti.



Í febrúar eru bæði konudagur og Valentínusardagur og við eigum ekki möguleika á að anna því.

Axel Sæland, blómabóndi

Í fyrra hafi verið fluttar inn nær 93 þúsund rósir sem beri 30 prósentu verðtoll og auk þess 95 króna stykkjatoll á hvert blóm.

Axel segir blóm sem framleidd eru hér á landi ódýrari en innflutt. „Heimsmarkaðsverð á blómum er margfalt í kringum Valentínusardag og innflutningur verður alltaf mun dýrari, tollar eða ekki tollar. Íslensku blómin kosta það sama í þessari viku og í þeirri síðustu og munu kosta í næstu viku.“ ■

Rúmir sextíu milljarðar af illa fengnu fé taldir vera þvættaðir hér á landi

Umfang peningaþvættis er á pari við margar aðrar þjóðir OECD sé litið til stærðar hagkerfisins en stutt er síðan Ísland var á gráum lista. Um tíu prósent eru vegna fíkniefnaviðskipta.

kristinnhaukur@frettabladid.is

LÖGREGLUMÁL Samkvæmt nýrri greiningu breska öryggisfyrirtækisins Credas, byggðri á gögnum OECD, eru 370 milljón pund eða 64 milljarðar íslenskra króna þvættaðir hérlendis á ári hverju. Þetta er lægsta heildarupphæðin á OECD-svæðinu en hlutfallið af stærð hagkerfisins er á pari við margar aðrar þjóðir. Það er 2,3 prósent af vergri landsframleiðslu.

Til að mynda er hlutfallið umtalsvert hærra í Belgíu, Ísrael og Bretlandi, sem virðast vera miðstöðvar peningaþvættis með á bilinu 4 til 6 prósent af vergri landsframleiðslu. Ekki eru nema rúm tvö ár síðan Ísland lenti á gráum lista FATF, alþjóðlegs starfshóps gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Albanía var eina aðra Evrópuríkið á listanum en þar voru líka ríki á borð við Simbabwe og Sýrland. Brugðist var við innan stjórnsýslunnar, reglurnar hertar og ári síðar var Ísland tekið af listanum.

Í fyrra kom út áhættumat Ríkislögreglustjóra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Þar kom fram að áhætta var talin mikil þegar kom að skattsvikum sem frumbrotum peningaþvættis, reiðufjárviðskiptum innanlands og flutningi reiðufjár til og frá landinu, einkahlutafélögum og söfnunarkössum og happdrættisvélum.

Einnig taldist veruleg áhætta af



64 milljarðar smjúga út og inn í hagkerfið á ólöglegan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Það breytti miklu þegar þjónustuveitendur voru gerðir skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu.

Bergur Jónsson, aðstoðaryfirlögreglustjóra hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra

ýmsum öðrum þáttum, svo sem trú- og lífsskoðunarfélögum, almennum félagasamtökum, gjaldeyrisskiptum og starfsemi lögmanna, endurskoðenda, fasteignasala og bifreiðasala.

Skráð peningaþvættisbrot lögreglunnar á árinu 2020 voru 128 talsins. Flest í tengslum við fíkniefnabrot, þjófnað og fjárrátt. En aðeins fimm í tengslum við skjala-

brot. Fíkniefnabrot hafa verið talin ein mest áberandi frumbrot peningaþvættis en samkvæmt nýlegum tölum frá tölfraeðistofnun Evrópusambandsins, eyða Íslendingar tæplega 6 milljörðum króna í fíkniefni árlega, aðeins tæplega 10 prósentum af heildarupphæðinni sem þvættuð er hérlendis.

Aðilar á fjármálamörkuðum falla undir eftirlit Fjármálaeftirlits Seðlabankans til að koma í veg fyrir að starfsemi þeirra sé notuð til peningaþvættis. Meðal annars þurfa þeir að kanna áreiðanleika viðskiptamanna, framkvæma áhættumat, þjálfa starfsfólk og viðhalda eftirliti.

Aðrir aðilar falla undir eftirlit Skattsins. Allan grun um brot skal tilkynna til Skrifstofu fjármála-gerninga lögreglunnar.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í janúar hefur tilkoma rafmynta breytt því hvernig netglæpamenn þvætta peninga. Glæpir þar sem

rafmynt kemur við sögu, svo sem svindl, kúganir og þjófnaðir, hafa verið á uppleið í heiminum.

Bergur Jónsson, aðstoðaryfirlögreglustjóri hjá greiningardeild Ríkislögreglustjóra, segir embættið telja að lagaumgjörðin um þjónustuveitendur rafmynta, eða sýndarfjár, sé fullnægjandi.

„Það breytti miklu þegar þjónustuveitendur voru gerðir skráningarskyldir hjá Fjármálaeftirlitinu og undir þeirra eftirliti sem og tilkynningarskyldir en það er ekki endilega raunin annar staðar,“ segir hann.

„Viðskipti með sýndarfé eru í eðli sínu alþjóðleg, flæða frjállega yfir landamæri og erfitt getur verið að átta sig á uppruna sýndarfjár og raunverulegum eiganda þrátt fyrir að almennt sé unnt að rekja slóð millifærslu í sýndarfé á bálka-keðjum.“

Hann segir að ekki sé vitað til þess að notkun rafmynta sé algeng leið til peningaþvættis á Íslandi. ■

**brrilljant
þvottaefni fyrir
KALDAN
ÞVOTT**

Gætið þess að börn nái ekki í vöruna. www.msb.is



LOKADAGAR ÚTSÖLU

PARKET - FLÍSAM - HURÐIR

VETRAR ÚTSALA

VERÐDÆMI

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ 1.590 KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

12 mm AC5 VERÐ FRÁ 3.890 KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

BJELIN PLANKAPARKET VERÐ FRÁ 5.990 KR. m²

VÍNYLPARKET

VERÐ FRÁ 4.290 KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAM

30x60 cm hvítar veggflísam VERÐ FRÁ 2.990 KR. m²

60x60 cm vegg- og gólfplísam VERÐ FRÁ 4.290 KR. m²

RINGO INNIHURÐIR

HVÍT HURÐ VERÐ FRÁ 39.990 KR.

20% afsláttur af öllum fylgihlutum fyrir hurðir

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIHLOTUM
FYRIR PARKET OG FLÍSAM

SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR ER LAU. 19. FEB.

Birgisson[®]

Upplýsingalögum var ekki fylgt

gar@frettabladid.is

STJÓRNSÝSLA Umboðsmaður Alþingis segir að Vegagerðin hafi ekki farið að upplýsingalögum er umsækjanda um starf var sýnað um afhendingu gagna sem tengdust ráðningarferlinu.



Skúli Magnússon, umboðsmaður Alþingis

Kona sem ekki fékk auglýst starf hjá Vegagerðinni vildi fá gögn um aðra sem sóttu um starfið. Vegagerðin afmáði nöfn hinna umsækjendanna úr gögnunum sem voru afhent. Þau lutu meðal annars að stigagjöf fyrir umsækjendur. Kvaðst Vegagerðin ekki sjá þýðingu þess að konan fengi upplýsingar um stigagjöf annarra og að takmarka bæri aðgang að þeim í ljósi einkahagsmuna þeirra.

Umboðsmaður Alþingis segir Vegagerðina ekki hafa sýnt fram á að afgreiðslan hafi verið í samræmi við reglur stjórnsýslulaga. ■

Íslensk ungmenni fá boð ESB um Interrail-lotteri

kristinnhaukur@frettabladid.is

FERDALÖG Evrópusambandið hefur ákveðið að leyfa 18 ára ungmennum frá EES-ríkjum og umsóknarríkjum ESB að taka þátt í Interrail-lottóinu DiscoverEU. Hingað til hafa einungis ungmenni í ESB-ríkjum getað sótt um.

Þau sem vinna fá 30 daga ferðakort, sem gildir aðallega í lestir á meginlandi Evrópu. Einnig fá þau afsláttarkort sem hægt er að nota við matarinnkaup. Kortin verða að minnsta kosti 10 þúsund talsins og gætu orðið allt að 70 þúsund í ár. Við umsókn þurfa ungmennin að svara sex spurningum um evrópska sögu og menningu.



Allt að 70 þúsund kort verða í boði í ár.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lýst árinu 2022 sem ári æskunnar og áhersla verður á að koma ferðapjónustunni aftur í gang eftir heimsfaraldurinn. Auk Íslandinga geta ungmenni frá Norgei, Liechtenstein, Tyrklandi, Serbíu og Norður-Makedóníu sótt um. Þau sem vinna fá einnig aðgang að samskiptakerfi DiscoverEU og geta haft samband við önnur ungmenni á sams konar ferðalögum.

Mariya Gabriel, ráðherra nýsköpunar, menningar, menntunar og æsku hjá Evrópusambandinu, kynnti útvíkkun verkefnisins í gær og hvatti ungmenni til að sækja um.

Hugmyndin að DiscoverEU spratt árið 2014 frá tveimur ungum þjóðverjum, Vincent-Immanuel Herr og Martin Speer, en þeir stungu upp á að Evrópusambandið myndi gefa öllum 18 ára ungmennum í álfunni Interrail-kort. Þetta var talinn of stór biti fjárhagslega og núverandi verkefni var því málamiðlun. ■

Syrnja fallna félaga



Lögrefluþólf í Þýskalandi fylgdi félögum sínum síðasta spölinn í gær en þá voru borin til grafar þau Alexander og Yasmin sem voru skotin í lok janúarmánaðar. Þau höfðu stoppað bíl en ökumaðurinn og farþegi voru veiðipjófar og skutu þau bæði án þess að hika. Öku svo á brott en voru handteknir skömmu síðar. Málið hefur vakið mikla reiði í Þýskalandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Íslenskar konur með doktorsgráður með laun á við karla með BA-próf

Maya Staub, doktor í félagsvísindum, segir að niðurstöður rannsókna hennar á launamun kynjanna í akademíunni bendi til þess að launamunur doktorsmenntaðra á Íslandi sé til staðar óháð prófsviði, bæði innan akademíunnar og á almennum vinnumarkaði.

ninarichter@frettabladid.is

JAFNRÉTTISMÁL „Þetta rímar mjög vel við mínar niðurstöður. Hún er að skoða akademíska starfsmenn og hvernig þetta akademíska framgangskerfi er, hindranirnar í því og starfsumhverfi háskólanna,“ segir Maya Staub, doktor í félagsvísindum, um niðurstöður nýrrar skýrslu sem Salome Steinþórsdóttir nýdoktor vann fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Niðurstöður skýrslunnar sýna að litlar breytingar hafi orðið síðustu fimm ár á stöðu kynjajafnréttis þegar kemur að framgangi akademískra starfsmanna háskóla.

Maya varði doktorsritgerð sína fyrir skömmu, Starfsferilspróun doktorsmenntaðra: Rannsókn á kynjuðu samhengi fjölskyldulífs og tekna meðal doktorsmenntaðra á Íslandi. Niðurstöður rannsókna Mayu herma að konur með doktorspróf á Íslandi séu með laun á pari við karla með BA-próf.

„Launamunur doktorsmenntaðra í Íslandi er til staðar óháð prófsviði og starfsvettvangi. Hann er að finna hvort sem er innan hug- og félagsvísinda eða raunvísinda og einnig bæði innan akademíu og á hinum almenna vinnumarkaði,“ segir Maya.

Rannsóknir Mayu beinast meðal annars að því hvernig fjölskyldu-



Litlar breytingar hafa orðið síðustu fimm ár í kynjajafnrétti er kemur að framgangi akademískra starfsmanna háskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Ég sé launamun meðal doktorsmenntaðra bæði innan og utan akademíu, óháð prófsviði.



Maya Staub, doktor í félagsvísindum

lífið blandast inn í starfið hjá fólki með doktorspróf.

„Þannig að ég er bæði með fólk sem er að vinna innan háskólanna, akademíska starfsmenn, svo er ég líka með hina doktorsmenntuðu starfsmennina sem eru að vinna á almennum vinnumarkaði,“ segir hún.

„Konur eru lengur að verða prófessorar. Það eru mun fleiri karlar í þessum prófessorastöðum, en það eru fleiri lektorar og aðjúnktar, en það eru lægri stöðugildin,“ segir Maya.

Hún bendir einnig á launamun. „Ég sé launamun meðal doktorsmenntaðra bæði innan og utan akademíu, óháð prófsviði. Bæði innan og utan félagsvísindanna.“

Maya segir að í störfum sem eru álitin hefðbundin karlastörf, sem fela í sér hugmyndir um til dæmis hverjir eru góðir í stærðfræði, sé það oft tengt karlmennskuhugmyndum.

„Í þeim geirum er launamunur hærri, en þar sem konur eru fleiri,“ segir hún.

Hún bendir á að þannig sé meiri munur í raunvísindunum en í félagsvísindunum. „En hann er samt til staðar hjá félagsvísindafólki.“

Að sögn Mayu eru heimilisstörf meðal þátta sem einnig komi við sögu. „Tími kvenna er miklu sundurslitnari og þær eru miklu stressaðri og með meira samviskubit yfir því þegar þær eru ekki heima,“ segir hún. „Það er mjög skýrt í mínum gögnum.“ ■

KFC



TURBO

ZINGER TWISTER ZTÆRRI MEÐ 3 LUNDUM

NÝTT



1.599 kr.

3 Zinger kjúklingalundir, kál, salsa og létt piparmæjó. Vafið saman í heita ristaða tortillu.

VILTU ZTÆRSTA TWISTERINN?
BÆTTU VIÐ LUND FYRIR 330 KR.

HÆGT AÐ BREYTA Í *EEKI* KJÚKLING

1.999 kr.

TURBO Zinger Twister,
3 Hot Wings, franskar,
gos og Prins Xtra.

■ Skoðun

Helgi Vífill
Júliússon

Vonbrigði

Lilja Alfreðsdóttir viðskiptaráðherra olli sárum vonbrigðum í liðinni viku. Fáir hugmyndir hennar brautargengi munu þær draga úr virði Íslandsbanka, sem ríkið á að mestu og mun selja hlut af eign sinni um þessar mundir, og vinna gegn aðgerðum Seðlabankans til að kveða niður verðbólgu. Það myndi ekki þykja gott dagsverk hjá bankamálaráðherra.

Lilja sagði að bankarnir ættu í ljósi ofurhagnaðar að létta undir með heimilum og fyrirtækjum sem horfi fram á hærri vaxtaþyri vegna stýrivaxtahækkana Seðlabankans. Að öðrum kosti yrði komið á bankaskatti til að dreifa byrðunum.

Til að bregðast við Covid-19 kreppunni fyrir um tveimur árum lækkaði Seðlabankinn stýrivexti hratt til að hleypa súrefni í atvinnulíf. Að undanfögnu hefur verðbólga vaxið hröðum skrefum einkum vegna húsnæðiseklú og mælist nú 5,7 prósent. Til að bregðast við henni hefur Seðlabankinn á skömmum tíma hækkað stýrivexti úr 0,75 prósent í 2,75 prósent.

Mikilvægt er að peningastefnu Seðlabankans sé miðlað í gegnum bankakerfið. Stjórnarmálmennt mega ekki bregða fæti fyrir seðlabankafólk sem er að stiga skref til að ná böndum á verðbólgunu.

Aukinheldur er kaupmáttur heimilanna mikill. Opinber gögn styðja ekki þá tilgátu að almennt þurfi að hlaupta undir bagga með heimilum. Stýrivextir voru litlu hærri eða um þrjú prósent við upphaf heimsfaraldursins og eru mun lægri en vanalega.

Hagnaður viðskiptabankanna er mikill í krónum talið – sem almenningur horfir mest á – en í samhengi við umsvif þeirra var meðal arðsemi bankanna tæplega 13 prósent í fyrra. Miðað við verðbólguna á árinu var ávöxtunin í raun um átta prósent. Hagnaðinn má einkum rekja til aukinna þóknatekna í ljósi mikils hagvaxtar og virði lánasafna, sem færð voru niður til að gæta varúðar vegna heimsfaraldursins, voru færð upp í ljósi batnandi aðstæðna í hagkerfinu. Í virðisbreytingunum felst því ekki raunverulegur hagnaður. Að þessu virtu getur ráðherra ekki leyft sér að tala um ofurhagnað.

Að sama skapi ætti viðskiptaráðherra að vita vel að heimilin og fyrirtæki borga bankaskattinn. Nær væri að leggja hann af og draga úr almennri skattheimtu ef leita á leiða til að lækka vaxtakostnað landsmanna í staðinn fyrir að koma á miðstýrðu kerfi.

Ákall hefur verið um að erlendir fjárfestar komi í meira mæli að fjármögnun bankakerfisins. Hafa ber í huga að meiri áhætta felst fyrir fjárfesta í að leggja fé í banka eftir að bankamálaráðherra hefur sagt að aukin skattheimta komi til greina. Aukin skattheimta dregur úr arðsemi banka og þar með virði þeirra. Bankamálaráðherra á ekki að vera þrándur í Götu á sölu á hlut í Íslandsbanka erlendis. ■

Minni fyrirtæki skammt á veg komin

Framkvæmdastjóri Stafræna hæfniklasans segir að fyrirtæki viti í raun ekki í hvorn fótinn þau eigi að stiga áður en þau hefji sína stafrænu vegferð. Því sé þörf á að búa til aðgengilegt fræðsluefni sem geti verið verkfærakista.

magdalena@frettabladid.is

Eva Karen Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Stafræna hæfniklasans, segir að litil og meðalstór fyrirtæki séu komin afar skammt í hinni stafrænu vegferð.

„Við gerðum könnun þar sem við vildum meta stafræna hæfni hjá íslenskum fyrirtækjum. Niðurstöðurnar leiddu ýmislegt áhugavert í ljós, meðal annars að litil og meðalstór fyrirtæki og einkum fyrirtæki með fjölda starfsmanna á bilinu einn til tíu, eru einstaklega illa stöð þegar kemur að stafrænni tækni,“ segir Eva og bætir við að stafræn tækni sé eitthvað sem öll fyrirtæki ættu að tileinka sér óháð stærð.

„Fyrirtækin vita í raun ekki í hvorn fótinn þau eiga að stiga og hvar sé best að byrja. Viðhorfið hjá þessum minni fyrirtækjum er oft á þá leið að kostnaður fari upp úr öllu valdi, val á stafrænum lausnum séu erfiðara eða hæfnin innan fyrirtækisins ekki til staðar og þau eru því hikandi við að hefja sína stafrænu vegferð. Könnunin sýndi okkur svart á hvítu hversu mikilla úrbóta er þörf hjá fyrirtækjum á þessu sviði. Sem dæmi má nefna þegar stjórnendur fyrirtækja voru spurðir hversu hátt þeirra fyrirtæki skoruðu í hinni stafrænu vegferð þá mældist heildin aðeins 1,2 á skalanum 1-6 sem er ekki góð staða.“

Eva segir einnig að fólk eigi upp til hópna erfitt með að skilja hugtökin er snúa að stafrænni tækni.

„Þegar við vorum að vinna spurningarnar þá sendum við þær á tilraunahóp og fengum þær flutt í andlitid til baka. Við áttuðum okkur á því að fæstir skildu spurningarnar og hvað við vorum að biðja um. Við



Eva K. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Stafræna hæfniklasans. MYND/ADSEND

Byggingariðnaður og landbúnaður skemmst á veg komnir

Eva segir að greina megi að hinar mismunandi atvinnugreinar standi sig misvel þegar kemur að stafrænni tækni.

„Það er byggingariðnaðurinn og landbúnaðurinn sem voru neðstir í könnuninni. Það er því mikilvægt að ráðast í aðgerðir til að bæta úr þessari stöðu í þessum greinum,“ segir Eva og bætir við að utanaðkomandi þættir ýti fyrirtækjunum í stafræna vegferð.

„Það verður þannig eftir nokkur ár að ef þú ætlar að halda áfram í landbúnaði þá verðurðu að vera stafrænn. Fjósín í dag eru til að mynda öll að færast yfir í róbóta og þau verða að vera þannig eftir nokkur ár ef þú ætlar að vera með kúabúskap. Það er líka mikilvægt að vera stafrænn þegar kemur að því að lesa gögn. Þannig að það er í raun verið að ýta okkur öllum í þessa stafrænu vegferð.“

purftum að fara yfir þetta fræðilega tungumál og lagfæra spurningarnar. Þetta sýnir svart á hvítu hversu skammt Íslendingar eru komnir þegar kemur að stafrænni vegferð. Við erum til að mynda eftirbátur hinna Norðurlandanna sem standa sig mun betur í þessum efnunum.“

Eva bætir við að Stafræni hæfniklasinn hafi verið stofnaður á sínum tíma til að bæta úr þessari stöðu.

„Stafræni hæfniklasinn var stofnaður með það að markmiði að bæta stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja í þessum efnunum. Við förum inn í fyrirtækin og skoðum þessi



Fyrirtækin vita í raun ekki í hvorn fótinn þau eiga að stiga og hvar sé best að byrja. Viðhorfið hjá þessum minni fyrirtækjum er oft á þá leið að kostnaður fari upp úr öllu valdi.

mál. Þetta er atriði sem öll fyrirtæki ættu að skoða hjá sér því enginn vill lenda í því að Boozt eða sambærilegt fyrirtæki komi inn og jarði fyrirtæki viðkomandi.“

Eva segir að það hafi verið mikilvægt að framkvæma könnunina til að átta sig á hvernig best sé að forgangsraða verkefnum Stafræna hæfnisklasans.

„Við áttum okkur á því að við viljum búa til fræðsluefni fyrir fyrirtæki og vera verkfærakista til að hjálpa fyrirtækjum á sinni stafrænu vegferð. Það sem við greindum líka í könnuninni var að stjórnendur eiga erfitt með að átta sig á hvernig þeir eigi að kenna bæði sjálfum sér og starfsfólki stafræna tækni og það tónar alveg við upplifun viðskiptavina þeirra sem mátu það svo að fyrirtækin þyrftu að vera sterkari í leiðtogahæfni og breytingastjórnun. Fólk er að kalla eftir meiri þjálfun, bæði stjórnendur og viðskiptavinir. Einnig er vert að nefna að það er áskorun fyrir fyrirtækin að vera skapandi í tækninotkun. Það er eitthvað sem þarf að bregðast fljótt við því þetta gerist svo hratt erlendis.“ ■

Ekki að bregðast við niðurstöðu nefndarinnar

magdalena@frettabladid.is

Guðmundur Hafsteinsson, stjórnarformaður Icelandair, segir að það hafi verið lengi í skoðun hjá fyrirtækinu að tengja betur saman langtímahagsmuni fyrirtækisins og starfsfólks. Fyrirtækið kynnti á dögunum að það hygðist innleiða nýtt kaupréttarkerfi fyrir starfsfólk í lykilstöðum hjá flugfélaginu og verður sú tillaga lögð fram fyrir aðalfund félagsins sem verður þann 3. mars næstkomandi.

„Við höfum lengi verið að velja því fyrir okkur hvernig við byggjum upp umbunar- og launakerfi svo við verðum samkeppnishæf á alþjóðlegum vettvangi,“ segir Guðmundur og bætir við að félagið vilji byggja upp bæði skammtíma og langtíma hvata.

„Við höfum verið með bónuskerfi sem er ekkert nýtt og það hefur verið allt að 25 prósent af grunnlaunum, en við höfum líka verið að skoða hvernig við getum innleitt langtíma hvata til að hvetja okkar besta fólk til að gera enn þá betur. Þá komumst við að því að kaupréttarkerfi sé mjög fýsilegur kostur og í takti við önnur félög á markaði.“

Guðmundur segir jafnframt að hann taki undir með því sem tilnefningarnefnd félagsins gaf út að félagið þurfi að vera samkeppnis-



Guðmundur Hafsteinsson, stjórnarformaður Icelandair, segist taka undir með því sem tilnefningarnefnd félagsins hefur gefið út. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

hæft þegar kemur að kaup og kjörum. Tilnefningarnefnd Icelandair gaf út að þörf væri á öflugri áætlun til að minnka starfsmannaveltu í stjórnunarstöðum hjá fyrirtækinu ásamt því að endurskoða útfærslu starfskjara.

„Tilnefningarnefnd starfar sjálfstætt og skrifar sína skýrslu byggða

á samtölum við hluthafa, stjórn og fleiri svo við erum ekki beinlínis að bregðast við niðurstöðu nefndarinnar en í raun sjáum við þetta með sömu augum. Það er sterkt fyrir félagið að geta verið samkeppnishæf á þessu sviði og þessar aðgerðir eru stór partur af því. Við höfum farið í gegnum erfiða tíma undan-



Við höfum lengi verið að velja því fyrir okkur hvernig við byggjum upp umbunar- og launakerfi svo við verðum samkeppnishæf á alþjóðlegum vettvangi.

farin tvö ár en þetta er hvati fyrir starfsfólk til að vera sífellt að gera betur.“

Þrjár framkvæmdastjórnar hafa látið af störum hjá Icelandair á undanföllum misserum en það eru þau Birna Ósk Einarsdóttir en hún starfaði sem framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs, Jens Þórðarson en hann starfaði sem framkvæmdastjóri rekstrarsviðs og Eva Sóley Guðbjörnsdóttir en hún starfaði sem fjármálastjóri hjá fyrirtækinu. ■

SAMSUNG



Ný Galaxy S22 lína

S-penni innbyggður aðeins í Galaxy S22 Ultra.

**Kauptu Galaxy S22
og fáðu Galaxy Buds Pro
í kaupauka**



Galaxy Buds Pro
(virði 44.900 kr.)

Nánar á samsungmobile.is

Tilboðið gildir við kaup á Galaxy S22/S22+/S22 Ultra (SM-S901/SM-S906/SM-S908) til og með 24. febrúar 2022 hjá völdum söluaðilum. Tilboðið gildir fyrir Galaxy Buds Pro í svörtum lit, áætlað virði 44.900 kr. Sumir söluaðilar bjóða þér að skipta út gamla tækinu þínu og fá andvirði þess upp í kaup á nýjum Galaxy S22 síma. Virðismat á útskiptisíma er framkvæmt hjá söluaðila samkvæmt matskerfi Foxway. Til viðbótar við virði útskiptisímans fæst 15.000 kr. aukaafsláttur sem kemur til frádráttar kaupverðinu. Athugaðu málið hjá þínum söluaðila.

Bitcoin verði í gjaldeyrisvaraforðanum

Daði Kristjánsson tók nýverið að sér að leiða Viska Digital Assets sem vinnur að því að koma á fót fagfjárfestastjóði sem fjárfesta mun í rafmyntum og bálkakeðjutækni.

helgivifill@frettabladid.is

Eftir um tíu ár verður bitcoin í gjaldeyrisvaraforða Seðlabanka Íslands rétt eins og gull og Bandaríkjadali, að mínu mati. Þetta segir Daði Kristjánsson, framkvæmdastjóri Visku Digital Assets.

Daði starfaði í 15 ár á fjármála-markaði, síðast sem verðbréfa-miðlari hjá Fossum mörkuðum en gegndi sama starfi hjá Arctica Finance og var um skeið framkvæmdastjóri H.F. Verðbréfa. Hann tók nýverið að sér að leiða nýtt félag, fyrrnefnt Viska Digital Assets, sem vinnur að því að koma á fót fagfjárfestastjóði sem fjárfesta mun í rafmyntum og bálkakeðjutækni.

„Ég naut mín vel á íslenskum fjármálamarkaði og starfaði með afar góðu fólki hjá Fossum mörkuðum. Ég hef mikla trú á rafmyntum sem eignaflokk og tel að þar verði mesti vöxturinn á komandi árum,“ segir Daði.

Bitcoin hefur hækkað mikið á undanförunum árum en sveiflurnar eru miklar. Rafmyntin hefur rokið upp um riflega 750 prósent frá því um miðjan mars 2020 en lækkað um þriðjung frá miðjum nóvember. Daði segir að eðlilegt sé að það taki tíma fyrir verð á nýjum eignaflokk að ná kjölfestu en stóra myndin sé að verðið fari hækkandi.

„Það eru mýmörg dæmi þess að fólk eigi erfitt með að gera sér í hugarlund að heimurinn muni breytast hratt innan tíðar. Ummæli Paul Krugman, Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði, frá árinu 1998 eru lýsandi dæmi og eldast ekki vel. Hann sagði að árið 2005 eða svo myndi það liggja fyrir að áhrif internetsins á hagkerfið væru ekki meira en faxtækisins. Ég tel að rafmyntir muni sækja í sig veðrið og verði notaðar í miklum mæli,“ segir Daði.

Hann segir að þótt hann sé fyrsti á Íslandi sem hætti að starfa á fjármálamarkaði til að stýra rafmyntastjóði séu fjölmörg dæmi um það erlendis, svo sem í Bandaríkjunum og Bretlandi. „Ég horfi til þess að kynna rafmyntir fyrir hinum hefðbundna fjármálaheimi. Ég finn að það er mikill áhugi á þeim en fram að þessu hafa Íslendingar ekki getað leitað til margra með sérþekkingu.“

Daði rekur upphaf þess að hann fór að gefa rafmyntum gaum til þess að hann mátti ekki fjárfesta í skráðum verðbréfum innanlands vegna starfa hans á fjármálamarkaði. Hann fór því að kynna sér eignamarkaði erlendis fyrir fjórum árum.

Verðbréfasalinn fyrrverandi segir að fernt hafi slegið sig: skuldabréf gáfu litla ávöxtun vegna þess hve stýrivextir voru lágir, hlutabréfmarkaðir voru hátt verðlagðir í sögulegu ljósi, skuldasöfnun ríkja var vaxandi vandamál og seðlabankar Bandaríkjanna og evrusvæðisins prentuðu peninga í miklum mæli.

„Í Bandaríkjunum hefur peningamagn í umferð aukist um 40 prósent á tveimur árum,“ segir hann og bendir á að verðbólga mælist 7,5 prósent í Bandaríkjunum. Hún hafi ekki verið hærrí í yfir 40 ár.

Daði segir að horfur fyrir íslenska hagkerfið séu mun bjartari því hendlendis hafi peningaprentun ekki verið beitt í miklum mæli til að takast á við bankahrunið 2008 og Covid-19 heimsfaraldurinn.


Í ljósi ofangreinds horfði Daði til þess að fjárfesta í hrávörum sem ekki væri hægt að prenta meira af og



Daði segir að fjölmörg dæmi séu um það erlendis frá að bankamenn fari úr hefðbundinni fjármálaþjónustu yfir í rafmyntir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Verðþróun bitcoin



Verðmeta má bitcoin eins og samfélagsmiðla

Að sögn Daða er það þekkt leið til að meta virði bitcoin að horfa til Metcalfes-lögmálsins sem miðar við að virði hvers netkerfis, eins og til dæmis samfélagsmiðla á borð við Facebook og Twitter, sé jafnt fjöldi þeirra sem nýta það í öðru veldi. „Miðað við það á bitcoin enn mikið inni,“ segir hann.

Rangt að glæpamenn noti rafmyntir í miklum mæli

Daði segir að það sé alrangt að glæpamenn noti rafmyntir í miklum mæli. Greining Chainalysis leiddi í ljósi að um 0,34 prósent af veltunni mætti rekja til glæpa. Til samanburðar telji Sameinuðu þjóðirnar að tvö til fimm prósent af landsframleiðslu í heiminum megi rekja til peningavættis og glæpa.

Að hans sögn sé óskynsamlegt fyrir glæpamenn að nota bitcoin því allar færslur eru skráðar. Komist lögregla yfir veskið þeirra sé auðvelt að rekja allar millifærslur.

í kjölfarið uppgötvaði Daði bitcoin. Það verður, að hans sögn, einungis hægt að grafa eftir 21 milljón af bitcoin og nú þegar sé búið að grafa eftir tæplega 19 milljónum.

„Með bitcoin var í fyrsta skipti hægt að flytja verðmæti á internetinu milli fólks án milligöngu fjármála kerfisins. Jafnframt tryggði tæknin að ekki væri hægt að fjölfalda verðmætin. Kóðinn að

baki bitcoin er öllum opin og því má treysta því að það sé ekki verið að svindla á fólki með einum eða öðrum hætti. Í upphafi, janúar 2009, var myntin verðlaus en eftir því sem fleiri tóku að grafa eftir henni og nota með einum eða öðrum hætti jókst virðið.“

Daði segist líta á bitcoin einkum sem eignaflokk en einnig sem greiðslukerfi. Auk þess sé verið



Það má því segja að bitcoin sé betri eign en gull

að vinna margs konar kerfi ofan á bitcoin sem auki notagildi rafmyntarinnar. Til að mynda sé verið að vinna áhugaverðar lausnir þar sem tekið sé veð í bitcoin.

Aðspurður hvort hann líti á bitcoin sömu augum og gull sem fjárfestar líti á sem örugga eign þegar óvissa er mikil á fjármálamörkuðum segir Daði að rafmyntin hafi nokkra kosti umfram gull: Það sé auðveldara að flytja bitcoin á milli staða, auðveldara að brjóta það í smærri einingar ef þurfa þyki, það kosti ekkert að geyma rafeyri og hægt sé að staðfesta hver eigi hvert bitcoin í raun og veru. „Það má því segja að bitcoin sé betri eign en gull,“ segir Daði og nefnir að mikil eftirspurn sé eftir bitcoin.

Að hans sögn hefur verðþróun bitcoin verið meira í takt við verðþróun tæknifyrirtækja á hlutabréfmarkaði en eignaflokk sem fjár-



Í ljósi mikillar peningaprentunar er hjákátlegt að líta á Bandaríkjadal sem örugga eign.

festar sækja í til að draga úr áhættu eins og gull og Bandaríkjadalur. Verðgildið lækkaði til dæmis mikið þegar seðlabankar hófu að sýna auknið peningalegt aðhald og fjárfestar sóttu í kjölfarið í öruggari eignir.

„Í ljósi mikillar peningaprentunar er hjákátlegt að líta á Bandaríkjadal sem örugga eign,“ segir Daði. „Hagstjórn Bandaríkjanna er algjörlega ósjálfbær enda hefur ríkið einungis skilað afgangi af ríkisfjármálum fjórum sinnum á síðustu 50 árum, síðast árið 2001,“ bætir hann við.

Bitcoin hefur meðal annars verið gagnrýnt fyrir hve orkufrekt er að grafa eftir rafmyntinni. Fram hefur komið í fjölmiðlum um 0,6 prósent af allri orkunotkun í heiminum fari í námugróft eftir rafmyntum.

Daði segir að í bitcoin felist raunverulegt virði fyrir fjölda fólks og því sé ekki verið að ganga á náttúruauðindir að óþörfu. Jafnframt krefjist bankakerfi heimsins mikillar raforku. Í ríkjum þar sem mannréttindi séu virt að vettugi komi bitcoin til dæmis að góðum notum. Slík ríki geti lokað bankareikningum þeirra sem þeim hugast ekki en spilltir stjórnmalamenn geti aldrei lokað á bitcoin óvildarmanna sinna.

Fram kom í fjölmiðlum á mánudag að stjórnmálur í Kanada hefðu ákveðið að beina þeim tilmælum til fjármála fyrirtækja að frysta eða loka bankareikningum þeirra sem fjármagni eða styðji við ólögleg mót-mæli gegn Covid-19 skyldubólusetningu og sóttvarnareglum í landinu.

Daði segir að í fátækum löndum geti það reynst fólki erfitt að opna bankareikninga en ef það eigi snjallsíma geti það hæglega eignast bitcoin. ■

Á fjölmörg áhugamál

Svipmynd

Anna Fríða Gísladóttir

Nám: BSc. í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands, með áherslu á markaðsfræði.

Störf: Núverandi Brand and Campaign Manager hjá Bioeffect en var nýlega ráðin markaðsstjóri hjá flugfélaginu Play.

Fjölskylduhagir: Í sambúð með Sverri Fal Björnssyni hagfræðingi og saman eigum við soninn Björn Helga.

Anna Fríða Gísladóttir var nýlega ráðin til flugfélagsins Play sem forstöðumaður markaðsmála. Hún á fjölmörg áhugamál og stundar hlaup og bootcamp af kappi.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Ég á mörg áhugamál og er því ágæt í mörgu en ekki yfirburðar í neinu. Áhugamálín eru meðal annars matseld og hvers kyns hreyfing eins og hlaup, badminton, lyftingar, veiði, skiði, dans og gönguskiði.

Hvernig er morgunrútinan þín?

Þetta svar kann að hljóma eins og það sé samið sérstaklega fyrir Markaðinn, en svo er nú ekki. Líkamsklukkan hjá mér er stíll þannig að ég vakna alltaf 6.30, þrjá daga í viku fer ég á hlaupa- og bootcamp-æfingu og hina dagana nota ég tímann á meðan allir eru sofandi til að liggja upp í rúmi í símanum, fá mér kaffi og græja svo soninn fyrir leikskóla og skutla.

Hvaða bók hefur haft mest áhrif á þig?

Þegar ég útskrifaðist fékk ég Lean In sem hefur með óbeinum hætti haft mikil áhrif á mig og sérstaklega á þeim tíma. Í dag hefur hins vegar bókaletur fengið að víkja fyrir fræðipodcöstum. Það er þó á áætlun að bæta úr því.

Hvaða áskoranir eru fram undan?

Á næstu vikum mun ég hefja störf sem forstöðumaður markaðsmála í geira sem ég hef ekki unnið í áður. Það verður góð áskorun sem ég hlakka mikið til að takast á við.



Anna Fríða Gísladóttir, forstöðumaður hjá PLAY. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Uppáhaldsborgin mín er París. Síðan er Ronda á Malaga í miklu uppáhaldi, mjög rómantísk borg og góðir veitingastaðir.

Þar að auki er einkasonurinn að hefja koppaþjálfun sem verður líka ákveðin áskorun.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Ég tala af reynslu þegar ég segi að lífið er óútreiknanlegt. Það sem skiptir máli er að vera trú sjálfri sér og hafa gaman af lífinu. Rest reddast.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Ætli það væri ekki eigin rekstur. Ég fæ reglulega fyrirspurnir á Instagram um uppskriftir að því sem ég elda þannig að kannski eitt-hvað tengt því.

Hver er þín uppáhaldsborg?

París. Síðan er Ronda á Malaga í miklu uppáhaldi, mjög rómantísk borg og góðir veitingastaðir sem skiptir mig máli því ég er mikill aðdáandi Tapas rétta, þannig það hentar mjög vel að nýi vinnustaðurinn, PLAY, fljúgi þangað. ■

Lilja er að minna á sig

olafur@frettabladid.is

Ummæli Lilju Daggar Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptaráðherra, í síðustu viku, um að ef bankarnir ekki tækju það upp hjá sjálfum sér að verja hluta hagnaðar til að bæta stöðu þeirra viðskiptavina sem verst stæðu kæmi til greina að setja á bankaskatt, hafa vakið athygli.

Lilja hafði ekki rætt þetta í ríkisstjórn og vöktu orð hennar gagnrýni og viðbrögð stjórnarþingmanna og fleiri aðila, auk þess sem aðrir ráðherrar, meðal annars Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra, sögðust ekki fylgjandi bankaskatti.

Doktor Stefania Óskarsdóttir, dósent í stjórnfræði við Háskóla Íslands, telur ekki að ummæli Lilju breyti stöðu hennar í ríkisstjórn. „Ég reikna með að hún hafi verið að minna á að hún er viðskiptaráðherra og þar með bankamálaráðherra. Hún var búin að vera menntamálaráðherra í fjögur ár og eftir uppstokkunina á stjórnarráðinu er hún menningarmálaráðherra, auk þess að fara með viðskipta- og bankamál. Hingað til hefur hún fyrst og fremst komið fram sem menningarmálaráðherra og sjálf var ég hálfpartinn búin að gleyma því að hún færi með viðskiptamál.“

Stefanía segir Lilju nú hafa minnt rækilega á sig sem viðskiptaráðherra. „Með því að stíga svona fram



Ég reikna með að hún hafi verið að minna á að hún er viðskiptaráðherra og þar með bankamálaráðherra



Stefanía Óskarsdóttir

greip Lilja gagnrýni frá stjórnarandstöðunni á stjórnina og tillögur Krístrúnar Frostadóttur um vaxtabætur og aðrar aðgerðir á lofti og sendi beint á bankana sem voru rétt að tilkynna tugmilljarða hagnað á síðasta ári.“

Stefanía segir það ávallt umdeilt meðal almennings þegar bankarnir skili miklum hagnaði og því sé þetta

útspil Lilju til vinsælda fallið meðal almennings. „Svo sýnist mér hún hafa náð til bankamanna. Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka, tók þessu ekki fráleitlega. Hann útilokaði ekki að nota mætti sérstaka skattheimtu til að aðstoða sérstaklega þá sem standa illa.“

Stefanía segist túlka ummælin svo að Lilja sé að gera sig gildandi í umræðu um efnahagsmál. „Ég sé þó ekki að bankamálaráðherra fari að beita sér fyrir breytingum á bankaskatti í andstöðu við fjármálaráðherra. Ég held að þetta sé miklu fremur til að minna ákveðna aðila á sig.“

Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra hafði áður viðrað að taka húsnæðisliðinn út úr vísitölunni. Stefania segir hugmyndum kastað fram, kannski í þeim tilgangi að eiga eitthvað uppi í erminni í viðræðum við verkalyðshreyfinguna, en kjarasamningar eru lausir í haust.

„Ég held að Lilja sé að minna á að hún sé ansi hörð og hiki ekki við að berjast. Hún stóð í ströngu inni í síðustu ríkisstjórn með stuðning við einkarekna fjölmiðla og mátti hafa fyrir því máli. Hún er að minna á að hún sé ekkert hrædd við að taka slaginn ef því er að skipta. Að mínu mati eru þetta skilaboð inni í ríkisstjórnina, en ekki síður til stjórnarandstöðunnar, bankanna og almennings.“ ■



Már Wolfgang Mixa, lektor við Háskólann í Reykjavík.

MYND/HRINGBRAUT

Bankarnir okra ekki

magdalena@frettabladid.is

Már Mixa, lektor við Háskólann í Reykjavík, segir í samtali við Markaðinn að þó svo að ávöxtun eigin fjár hjá bönkunum sé í hærri kantinum þá gefi hún ekki tilefni til að fara yfir um.

„Arðsemin árið 2021 var góð hjá bönkunum en hún lá á bilinu 11-15 prósent og meðaltalið var 12,6 prósent. Það er samt sem áður ekki hægt að tala um það sem ofurhagnað,“ segir Már og bætir við að ef lítið sé á tölurnar þá gefi þær ekki til kynna að um okur bankanna sé að ræða né að þörf sé á sérstökum bankaskatti.

„Mörgum verður tíðrætt um okurvexti hjá bönkunum en staðreyndin er sú að vaxtamunur er að dragast saman. Hann er nú 2,5 pró-

sent en var 3 prósent 2017. Vaxtamunurinn hjá bönkunum í dag er sá lægsti síðan hrúnið 2008 átti sér stað. Ef við berum saman arðsemi hjá bönkunum og hjá smásöluvirkum tæki á borð við Huga þá er arðsemi Huga á síðustu 5 árum töluvert hærri eða 14,8 prósent. Varla ætti að leggja sérstakan skatt á Bónus? Álagning Bónusverslana er afskaplega lág eða á svipuðum slóðum og hjá Wal-Mart í Bandaríkjunum. Það heldur enginn því fram að Bónus sé okurbúlla.“

Már segir jafnframt að staðan sýni svart á hvítu að ekki sé þörf á sérstökum bankaskatti. „Það má heldur ekki gleymast að það hefur lítið þurft að afskrifa síðastliðin ár. Þegar horft er á þessar tölur þarf líka að líta til lengri tímabíla. Það gefur ekki rétta mynd að horfa til skamms tíma.“ ■



Kynningarfundur um Ölfusárbrú

Samvinnuverkefni um samgönguframkvæmdir

Vegagerðin boðar til opins kynningarfundar föstudaginn 18. febrúar kl. 10 um fyrirhugað útboð á samvinnuverkefninu Hringvegur um Ölfusá.

Verkefnið felur í sér færslu Hringvegar norður fyrir Selfoss með byggingu nýrrar brúar á Ölfusá við Efri Laugardælaeyju.

Fundurinn verður í beinu streymi sem má nálgast á vef Vegagerðarinnar.

Fyrirspurnir í gegnum slido.com með aðgangsorðinu #ölfusarbru

Nóg komið



Adalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Víðhorf lögreglunnar til blaðamanna hafa lengi valdið stéttinni áhyggjum. Í leiðara Fréttablaðsins fyrir aðeins þremur vikum síðan var rakið hvernig árásir á fjölmiðlafólk, sem vakið hafa hneykslun og reiði alls samfélagsins, hafa engin eftirmál haft í refsivörslukerfinu.

Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra staðfesti þessi viðhorf kerfisins með yfirlýsingu í gær, en í henni er boðuðum yfirheyrslum yfir fjórum blaðamönnum sem settir hafa verið á sakamannabekk lýst sem sakamálarannsókn í „hefðbundnum farvegi“.

Aldrei í Íslandssögunni hefur blaðamanni verið gert skylt með dómi að gefa upp heimildarmann sinn, heldur hefur Hæstiréttur þvert á móti ítrekað skyltu blaðamanns til að virða þá vernd sem heimildarmönnum er tryggð með lögum. Síðast með fordæmisgefandi dómi árið 2019 í máli Glitnis Holdco gegn Stundinni. Þá hefur ítrekað verið staðfest með dómi að blaðamönnum er heimilt að vinna upp úr þeim gögnum sem þeir hafa komist yfir, ef málið sem um ræðir á erindi til almennings.

Íslensk dómafrákvæmd er orðin hefðbundin í málum af þessum toga og rannsókn lögrelustjórans á Norðurlandi eystra er á skjön við hana. Það eina sem er hefðbundið við farveg rannsóknar lögrelustjórans er meðvirkni með valdinu, hvort sem um er að ræða Samherja fyrir norðan eða mótshaldara Þjóðhátíðar í Eyjum, sem kærði sig ekki um að hátíðin fengi á sig yfirbragð kynferðisbrotsamkomu.

Að formaður Sjálfstæðisflokksins, sem er einn valdamesti maður landsins, skuli óumbeðinn stíga fram og kalla þessa valdbeitingu jafnræði fyrir lögum er ekki aðeins forkastanlegt heldur blátt áfram lygilegt. Ríkisstjórnir hafa sprungið af minna tilefni.

Aðeins sjúk samfélög kalla það hefðbundinn farveg sakamálarannsóknar að fjölmiðlafólk sitji á sakamannabekk fyrir að upplýsa almennir um ofsóknir sem kollegar þess hafa orðið fyrir starfs síns vegna, á meðan engin eftirmál hafa orðið fyrir þá sem fyrir ofsóknunum stóðu, önnur en þeirra eigin tilraunir til að biðjast afsökunar.

Það eitar samfélagið á hættulegan hátt að aðför að fjölmiðlum sé normaliseruð með þeim hætti sem lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra gerir með starfsháttum sínum og yfirlýsingunni sem hún birti í gær. Það eitar samfélagið ekki síður að herferðir gegn blaðamönnum séu ekki teknar alvarlegar en raun ber vitni.

Nú verður eitthvað að breytast. Þetta er nóg. ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Orðin tóm

Stjórn Landssambands lögrelumannanna sendi frá sér harðorða yfirlýsingu í gær þar sem hún bendir meðal annars á þreytu vegna innantómra loforða. Fannst meira að segja réttast að minna á fyrri yfirlýsingar sínar í yfirlýsingu gærdagsins. Það þarf að fjölga í lögregluðinu og þjálfað líðið almennilega. „Á þessa staðreynd hefur verið bent og hafa skýrslur ríkislögrelustjóra fjallað um þessi atriði sem leið að auknu öryggi í samfélaginu,“ segir í yfirlýsingu.

Af einhverjum ástæðum er ekki hlustað á lögrelufólk meðal stjórnmalamanna sem er svolítið skrytið þar sem það er yfirleitt betra að hlusta þegar lögrelufólk á vakt talar.

Verbúðarhraði

Jón Hjaltalín, ráðherra Framsóknarflokksins úr þáttaröðinni Verbúð, gat komið sjávarútvegsfrumvarpi sínu í gegn á aðeins átta vikum. Þó margir hafi dásamað lífið á niunda áratug síðustu aldar er ekki laust við að einhverjir sakni dugmikils og kraftmikils stjórnmalafólks. Þegar hver og einn alþingismaður hafði rödd og þorði að nota hana. Nú til dags þorir enginn inni á hinu háa Alþingi að tjá sig öðruvísi en að vonast eftir því að verða ekki skotsþónn á Twitter. Þannig að það er betra að þegja. Líka þegar lögrelufólk er í vanda og grátbiður um aðstoð. ■

Grænt réttlæti



Oddný G.
Harðardóttir
þingmaður Samfylkingarinnar

Er hægt að rökræða við loftslagsbreytingarnar og ná málamiðlun við þær?

Er hægt að gera málamiðlanir um hver þurfi að breyta hegðun sinni og hver ekki til að takast á við loftslagsvá af mannavöldum?

Nei, svo er ekki. Við þurfum öll að tala saman um réttlát græn umskipti, samræma aðgerðir í því brýna samfélags-, umhverfis- og efnahagsmáli og finna bestu lausnirnar. Grænu umskiptin verða að tryggja mannsæmandi störf og lífskjör fyrir alla.

Við verðum að tryggja að kostnaðurinn lendi ekki þyngst á þeim sem minnst hafa milli handanna. Raunar gætu grænu umskiptin leitt af sér sanngjarnari skiptingu gæða en við þekkjum í dag. Ef fólk þarf að taka á sig óhóflegar byrðar í baráttunni við loftslagsbreytingar mun það veikja stuðning við aðgerðir til lengri tíma og verða til þess að við náum ekki árangri.

Tæknibyltingin gefur fjölmörg tækifæri í grænu umskiptunum. Sama gildir um tæknibyltinguna og græn umskipti – við verðum að koma í veg fyrir að þróunin auki ójöfnuð. Hún þarf þvert á móti að auka jöfnuð.

Við jafnaðarmenn óttumst ekki nýja tækni eða nauðsynlegar breytingar. En við óttumst hins vegar að haldið verði áfram með hið gamla og úrelta, því við vitum að gömlu leiðirnar munu valda miklum skaða. Stjórnvöld verða að taka forystu og styðja við grænu umskiptin í samvinnu við atvinnurekendur, vinnandi fólk og samfélagið allt.

Kolefnisspor okkar Íslendinga eru stærst í samgöngum, matvælaframleiðslu og með innfluttum varningi. Orkuskipti í samgöngum eru farin af stað en við þurfum líka að breyta matarvenjum okkar og framleiðslu matvæla. Þau grænu umskipti þurfa að vera réttlát fyrir bændur og neytendur.

Flutningskerfið með raforku er veikburða víða um land. Nauðsynlegt er að styrkja flutningskerfið og leysa deilur sem varða búsetuskilyrði heilu landsvæðanna og koma í veg fyrir að allir geti tekið þátt í réttlátum grænum umskiptum. ■

”
Það eina sem er hefðbundið við farveg rannsóknar lögrelustjórans er meðvirkni með valdinu.

Atlanta hægingasófi frá fama

Sjá nánar á patti.is



fama

Kíktu í heimsókn!

Opið virka daga kl. 10-18 Laugardaga 11-15

Bildshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - patti.is

Patti
HÚSGÖGN

Seðlabankinn þyrlar upp mótvindi með vaxtahækkun



Örn Karlsson
vélaverkfræðingur

Undangengnar verðhækkanir neysluvara stafa ekki frá veikingu krónunnar heldur stafa þær frá atvikum sem óháð eru styrk hennar. Húsnæðisverð hefur hækkað vegna vaxtalækkunar Seðlabankans og framboðstruflanir vegna Covid hafa haft áhrif á verð fjölmargra vara.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að vísitala neysluverðs hefur verið hækkað án þess að krónan hafi gefið eftir. Því til staðfestingar hefur Seðlabankinn fundið sig knúinn til að grípa inn í gjald-eyrismarkaðinn til að stemma við styrkingu hennar.

Til að koma í veg fyrir að verðhækkunir leiði til rýrnunar krónunnar og þar með til raunverulegrar verðbólgu þarf að gera hagkerfinu kleift að taka höggið án þess að það hendist af sporinu. Svona svipað og demparabúnaður bifreiðar gerir henni mögulegt að keyra yfir hraðahindrun. Einmitt þess vegna er Seðlabanki Evrópu enn með sína stýrivexti óbreytta við núllið. Hann vill ekki bæta við byrðar hagkerfisins, hann vill ekki stækka hraðahindrunina eða stífa demparana. Hann veit að hækkaðir vextir hjálpa ekki framboðshliðinni.

Þetta virðist íslenski seðlabankastjórinn ekki skilja, en hann sagði í Reykjavík síðdegis, 9. febrúar sl., að seðlabankarnir úti séu að bregðast allt of seint við. Seðlabanki Íslands, sem hefur staðið sig verst allra vestrænna seðlabanka í verðstöðugleika- og gengismálum, í áratugi, telur sig vita best. Íslenskar getur það varla verið.

Raunvextir

Seðlabankastjóri metur það svo að raunvextir séu neikvæðir og nefnir það sem eina ástæðu fyrir vaxtahækkuninni. Hér má spyrja hvort seðlabankastjóri fari rétt með. Peningaleg viðmið út frá vísitölu neysluverðs eru nefnilega ónákvæm og óraunveruleg þegar vísitalan er bólgin vegna atvika algerlega óháðum virði peninga. Raunvextir í dag eru jákvæðir sem nemur vaxtastiginu því krónan hefur ekkert gefið eftir. Hagnaður bankanna ber vott um ranga greiningu seðlabankastjóra. Ætli bankarnir nytu methagnadar ef þeir borguðu með veittum lánum? Ætli seðlabankastjóri að biðja skuldug heimili afsökunar á ummælum sínum?

Verðtryggingin

Í þessu sambandi er rétt að minnst á að þar sem vísitala neysluverðs og styrkur krónunnar ganga ekki í takt um þessar mundir mokast raunverulegar eignir skuldugra heimila ólöglega til banka og annarra handhafa verðtryggðra skuldabréfa. Þetta veikir fjárhagsstöðu heimilanna og fjármálalegan stöðugleika samfélagsins.

Fasteignapátturinn

Önnur meginástæða vaxtahækkunarinnar er að sögn seðlabankastjóra til kælingar fasteignamarkaðar. Að fasteignaverðið sé orðið of hátt. Þá má spyrja of hátt miðað við hvað? Miðað við fasteignaverð



í hávaxtaumhverfi liðinna áratuga? Löngu tímabær vaxtalækkun leiddi eðlilega til þess að fasteignaverð hliðradist upp. Heildarkostnaður við fasteignakaup samanstendur af markaðsverði fasteignar og fjármagnskostnaði. Þegar fjármagnskostnaður er himinhár eins og verið hefur í hávaxtalandinu Íslandi dempar hann markaðsverðið. Svo dempanði hefur fjármagnskostnaðurinn verið að í mörgum dreifðari byggðum Íslands hefur íbúðarhúsnæði ekki verið byggt þessa öldina því byggingarkostnaður hefur verið hærrí en markaðsverð. Þegar vextirnir lækkuðu tók fólk að byggja út um allt land. Það hjálpaði auðvitað að byggingarkostnaður er lægstur við lágt vaxtastig. Með vaxtahækkunum stefnir

aftur í sama farið í hinum dreifðari byggðum.

Seðlabankinn gat sett sértæk skilyrði ef hann óttaðist fasteignamarkaðinn. Hann þurfti ekki sleggju á allt samfélagið.

Fasteignalán

Fasteignalán eru ýmist mikið eða lítið breytileg. Fastir vextir eru ekki í boði nema til stutts tíma í samburði við lengd lánanna. Þetta þýðir að þegar Seðlabankinn finnur sig knúinn til að hækka stýrivexti hækkar greiðslubyrði á öllum lánum strax eða innan skamms tíma. Stýrivaxtahækkun þyngir því rekstur skuldugra heimila. Tilgangur með stýrivaxtahækkun er að hægja á aukningu peningamagnsins. Best væri ef breytilegir

vextir yrðu því sem næst bannaðir á fasteignamarkaði. Stýrivaxtahækkun hefði þá þau áhrif að hægja á útgáfu húsnæðislána án þess að riðla þegar gerðum samningum heimilanna. Í slíku kerfi þyrfti auðvelt aðgengi að endurfjármögnun.

Sögulegt samhengi

Seðlabankastjóri bendir á að vextir á Íslandi séu þrátt fyrir allt lágir í sögulegu samhengi. En er það samhengið sem á að vera efst í huga seðlabankastjóra? Er ekki hugsanlegt að peningalegt samhengi og samhengi markaða sé það samhengi sem hann ætti að vera að skoða ef hann ætlar að ná markmiði sínu um verðstöðugleika?

Stýrivextir stóru hagkerfanna í



Veit seðlabankastjóri einhver nýleg dæmi þess að vestrænir seðlabankar hækki stýrivexti í skörpum styrkingarfasa gjaldmiðla sinna?

kringum okkur eru við núllið. Sá mikli vaxtamunur sem nú er orðinn milli Íslands og þeirra stuðlar að gengissveiflum og fjármálalegum óstöðugleika. Gengið styrkt og skapar mótvind fyrir raunhagkerfið og útflutningsgreinar sem leitt getur til þess að raunhagkerfið gefur eftir með veikingu krónunnar og raunverulegri verðbólgu. Þetta gerðist síðast eftir stýrivaxtahækkunir 2016.

Veit seðlabankastjóri einhver nýleg dæmi þess að vestrænir seðlabankar hækki stýrivexti í skörpum styrkingarfasa gjaldmiðla sinna?

Vaxtahækkunin eykur innlendan kostnað fyrirtækja. Hún gerir það enn frekar í haust við kjara- viðræður þegar aðþrengt skuldugt lágláunafólkið spyrnir við fótum gegn oki Seðlabankans.

Sögulegt tækifæri

Sögulegt tækifæri er runnið okkur úr greipum að vextir Íslands séu svo nærri vöxtum stóru hagkerfanna að gengið fái nær eingöngu ráðist af þrótti hagkerfisins. Hætt er við að Seðlabankinn sé kominn á kunnugar slóðir hvar stýrivextir hafa áhrif á styrk krónunnar með óhjákvæmilegum sveiflum og tilheyrandi rýrnun gjaldmiðilsins. ■



Aðalfundur Össurar hf.

verður haldinn með rafrænum hætti þriðjudaginn 8. mars 2022 kl. 16:00.

Til að geta tekið þátt í aðalfundinum og/eða nýtt atkvæðisrétt sinn, þurfa hluthafar að vera skráðir undir eigin nafni í hlutaskrá Össurar eða framvísa fullnægjandi staðfestingu á eignarhlut sínum frá þeirri fjármálastofnun sem er með hlutabréf þeirra í vörslu á safnreikningi. Hluthafar eru hvattir til að afla staðfestingar frá vörsluaðila sínum sem fyrst ef við á.

Tilkynna þarf um þátttöku á aðalfundinum eigi síðar en fimmtudaginn 3. mars 2022 með tölvupósti á netfangið ir@ossur.com. Hluthafar geta nálgast dagskrá fundarins, fundargögn og nánari upplýsingar um aðalfundinn á heimasíðu Össurar: www.ossur.com/investors/AGM.

Skráðum hluthöfum er boðið að mæta á aðalfundinn sem verður streymt frá höfuðstöðvum Össurar að Grjóthálsi 5, 110 Reykjavík (með fyrirvara um mögulegar sóttvarnatakmarkanir). Umræður og atkvæðagreiðslur munu fara fram með rafrænum hætti.

Merkisatburðir

1899 Knattspyrnufélag Reykjavíkur er stofnað.

1918 Litáen lýsir yfir sjálfstæði frá Rússlandi og Þýskalandi.

1920 Fyrsta dómþing Hæstaréttar Íslands er háð. Þar með hafa Íslendingar fengið æðsta dómsvald í eigin málum.

1923 Howard Carter opnar gröf Tútankamons.

1927 Heimdallur, félag ungra Sjálfstæðismanna í Reykjavík, er stofnaður.

1937 Wallace H. Carothers fær einkaleyfi á næloni.

1941 Kim Jong-il, leiðtogi Norður-Kóreu, fæðist.

1951 Verkfall strætisvagnastjóra hefst í Reykjavík.

1959 Fidel Castro tekur við völdum á Kúbu eftir að Fulgencio Batista hefur verið settur af.



Bókasafnsráðgátan hefur vakið lukku og mikla aðsókn.

MYND/ADSEN

Örlög bókana

Við undirbúning þinnar eigin bókasafnsráðgátu barst Borgarbókasafninu í Gerðubergi gríðarlegt magn af bókum. Sýningarstjórar halda stutt spjall í dag til að ræða stöðu bóka innan hringrásarhagkerfisins.

arnartomas@frettabladid.is

Fyrir nokkrum mánuðum umbreyttist Borgarbókasafnið Gerðubergi í dularfullan heim byggðan úr mörg þúsund bókum. Um var að ræða verkefnið Þín eigin bókasafnsráðgáta þar sem gestum bauðst að taka þátt í ratleikjum þar sem framvinda mála var ekki ráðin.

Ráðgátan vakti mikla lukku og hefur aðsókn verið góð en í dag munu aðstandendur sýningarinnar standa fyrir opnu spjalli um hvað skuli gera við bækurnar þegar sýningunni lýkur.

„Sýningin er búin að ganga mjög vel og aðsókn hefur verið góð, en það sem við ætlum að ræða í spjallinu tengist kannski frekar framhaldinu,“ segir Svanhildur Halla Haraldsdóttir, sýningarstjóri og deildarþóknunardur í Gerðubergi.

Í aðdraganda verkefnisins óskaði safnið eftir gömlum og notuðum bókum á samfélagsmiðlum og segir Svanhildur að viðbrögðin hafi verið meiri heldur en búist var við. „Þetta vatt ansi mikið upp á sig. Við nýttum bæði bækur sem

”

Við komumst að því að það er rosalega miklu magni af bókum hent af þjóðinni á hverjum einasta degi sem endar bara í landfyllingu.

voru afskrifaðar af safninu og bækur sem okkur voru sendar, auk þess sem við kíktum í Góða hirðinn,“ segir hún. „Við komumst að því að það er rosalega miklu magni af bókum hent af þjóðinni á hverjum einasta degi sem endar bara í landfyllingu.“

Sívaaxandi söfn

Íslendingar eru bókelski þjóð og segir Svanhildur að fólk ráði stundum ekki við fjölda þeirra bóka sem það á.

„Það eru fáar fornþóknunardur á landinu og fólk kom oft með bækur úr dánarbúi eða vegna þess að það vildi minnka við sig,“ segir hún. „Það var mjög mikið af flottum bókum sem við fengum, sumar glænýjar í plastinu og aðrir algjörir forngrípri. Ég veit ekki hvað þær voru margar en þær hlupu á þúsundunum.“

Svanhildur segir að á spjallinu á safn-



Mörg þúsund bækur bærust safninu í kjölfar ákallsins á samfélagsmiðlum.

inu í dag verði umræður opnar enda sé hún sjálf ekki viss hvernig sé best að eiga við sívaaxandi bókaforða landsmanna.

„Við erum bara að fara að spjalla um þetta og velta okkur upp úr þessu,“ segir hún. „Kannski kemur einhver með tíma-mótahugmynd um hvernig sé hægt að leysa þennan vanda.“

Sýningarspjallið hefst klukkan 20 í Borgarbókasafninu Gerðubergi í kvöld. Áhugasamir um þína eigin bókasafnsráðgátu geta kynnt sér hana frekar á heimasíðu Borgarbókasafnsins þar sem hægt er að skrá hópa. ■



1968 Neyðarlínan 911 er tekin í notkun í Bandaríkjunum.

1978 Fyrsta upplýsingatöflukerfið, CBBS, er sett upp í Chicago.

1981 Ofviðri gengur yfir Suðvesturland að kvöldi þessa mánaðardags og verður mikið tjón á húsum og bílum, meðal annars í Engihjalla í Kópavogi. Staðarhólskirkja í Saurbæ í Dalasýslu fýkur af grunni.

1999 Kúrdískir skæruliðar hertaka nokkur sendiráð í Evrópu.

2005 Kýótóbókunin tekur gildi eftir undirskrift Rússlands, án stuðnings Bandaríkjanna og Ástralíu.

2011 Flutningaskipið Goðafoss strandar í Ytre Hvalerþjóðgarðinum, skammt undan Fredrikstad við Noregsstrendur.



Elskulegur faðir okkar, afi og langafi,
Þorsteinn Gíslason
matsveinn,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir
sunnudaginn 6. febrúar.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju
fimmtudaginn 17. febrúar kl. 13.00.
Allir hjartanlega velkomnir.

Ingimar Þorsteinsson
Kristín Þorsteinsdóttir
Steinar Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Þetta gerðist 11. febrúar 2011

Gámaskipið Goðafoss strandar

Þann 11. febrúar 2011 strandaði Goðafoss, gámaskip Eimskips, á leið sinni út úr höfninni við Frederiksstad í Noregi að kvöldi til. Skipið var nokkur hundruð metra frá landi þegar gat kom á það og olía lak í sjóinn. Í fyrstu var talið að ekki væri um stórtjón að ræða en fljótlega kom í ljós að olíulekinn væri umtalsverður.

Á dögunum sem eftir fylgdu voru oliugildir lagðar umhverfis skipið til að sporna gegn lekanum. Alls láku úr skipinu 105 tonn af olíu en svæðið þar umhverfis er skilgreint sem þjóðgarður og hafði slysið slæm áhrif á dýralíf í kring. Björgunar- og hreinsiaðgerðir vegna slyssins kostuðu alls um 1,7 milljarða króna. ■



Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

MIÐVIKUDAGUR 16. febrúar 2022



Salatið er best ef þú saxar hvítkálið nógu smátt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Guðdómlegt grængyðjusalat

jme@frettabladid.is

Hvítkál er eitt vanmetnasta hráefni sem hugsast getur. Það er ýmist hrátt, stökkt og brakandi, lungamjúkt undir tönn eða hægeldað og brúnað eins og karamelliseraður laukur. Hér er uppskrift að dásamlegu hvítkálssalati. Hráefnin njóta sín fersk og óelduð.

Salat

- 1 lítill hvítkálshaus
- 1 stór gúrka
- 1 búnt af vorlauk
- ½ dl saxaður graslaukur

Dressing

- 2 dl basilíka
- 2 dl spinat, ferskt
- 2 hvítlauksgeirar
- 1 skalottlaukur
- Safi úr 2 sitrónum
- ½ dl ólífuolía
- ½ dl hnetur (til dæmis kasjúhnetur)
- 1 dl næringarger
- 1 tsk. salt
- 2 msk. hrísgrjónaedik
- Graslaukur ef vill

Aðferð

Fínsaxaðu hvítkál, gúrku, vorlauk og graslauk og settu í stóra skál. Einnig má saxa hvítkálið í litla bita í matvinnsluvél. Innihaldsefnin í dressinguna, að frátalinni olíunni, fara í blandara eða matvinnsluvél. Bættu olíu við smátt og smátt uns úr verður skærgræn sósa. Hræðu saman salatið og sósuna. Tilvalið að bera fram sem ídyfu með tortillaflögum eða sem meðlæti. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTS**HEILBRIGÐ
MELTING**www.celsus.is / apótek, Hagkaup og víðar

Hjónin Ásta Sýrusdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Purity Herbs, og Jón Þorsteinsson, sem er stjórnarformaður Purity Herbs.

FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Það er hægt að eiga gott ástalíf þrátt fyrir breytingaskeiðið

Náttúruvörurnar frá Purity Herbs hafa fengið góðar viðtökur hjá landsmönnum í tæp 30 ár. Ástarlínan frá fyrirtækinu nýtur sívaxandi vinsælda hér á landi. **2**



Í Ástarlinunni frá Purity Herbs eru oliur og gel sem innihalda íslenskar jurtir sem þekktar eru fyrir kynörvandi áhrif.

FRÉTTABLAÐIÐ/
AÐUNN

Purity Herbs vörurnar eru hreinar náttúruvörur sem hafa fengið mjög góðar viðtökur hjá landsmönnum um margra ára skeið. Þær eru í senn nærandi og græðandi og innihalda meðal annars kraftmiklar handtíndar íslenskar jurtir sem gera vörurnar einstakar í sinni röð, segir Ásta Sýrusdóttir, framkvæmdastjóri og stofnandi Purity Herbs. „Þar sem húðin er stærsta líffæri líkamans, og 60 prósent af öllu því sem við berum á hana fara inn í líkamstarfseminna, þurfum við að vanda valið á þeim snyrtivörum sem við notum. Ekki viljum við eitra okkar eigin líkama. Alveg eins og við vöndum okkur við valið á því sem við borðum og veljum til dæmis lífrænar vörur, þurfum við að hugsa eins í sambandi við snyrtivörurnar sem við notum. Heilbrigð og ljómandi húð er aðlaðandi og segir mikið til um líkamlegt heilbrigði okkar.“

Kynörvandi jurtir

Ein elsta og þekktasta vörulína Purity Herbs er Ástarlinan sem inniheldur oliur og gel sem innihalda íslenskar jurtir sem þekktar eru fyrir kynörvandi áhrif. Um er að ræða spennandi vörulínu sem er sérstaklega hönnuð fyrir elskendur og er um leið náttúruleg leið til að krydda kynlíf, að sögn Ástu.

„Við byrjuðum að framleiða Unaðsolíu 1996 sem er í senn sleipiefni og ástarhvetjandi nuddolía. Ástædan fyrir þeirri nýjung var að slíkar vörur voru ekki til á markaðnum á þeim tíma en þörfin var sannarlega til staðar.“ Hún segir margar konur þurfa á hjálpar efnum að halda, til dæmis eftir barnsburð, á breytingaskeiðinu og ef þær hafa farið í gegnum áföll og krabbameinsmeðferð. „Það er algjörlega ástæðulaust að hætta að stunda kynlíf í hjónabandinu þótt líkaminn hætti að framleiða estrógen kvenhormón sem hefur áhrif á slímhúðina og veldur þurrki í leggöngum.“



Húsnæði Purity Herbs á Akureyri er sérlega glæsilegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/AÐUNN

Gjörbreytir ástalífínu

Á sama tíma skiptir miklu máli að sögn Ástu að nota hreinar uppbyggjandi oliur á þetta svæði til að koma í veg fyrir ertingu, sviða og kláða. „Þar kemur Unaðsolían sterk inn því hún inniheldur magnaða uppbyggingu af náttúruolium, jurtum og ilm-kjarnaolium sem styrkja og bæta náttúrulega flóru kvenna. Sjálf var ég frekar smeyk við að koma með slíkar vörur á markaðinn því ég var ekki alveg viss um hvernig ég ætti að kynna þær og að það yrði vandræðalegt en þegar ég fann fyrir gleði og ánægju bæði kvenna og karla með Unaðsvörurnar þá hvarf skrekurinn.“

Unaðsolían varð mjög fljótlega ein af mest seldu vörum fyrirtækisins og er það enn. „Nokkru seinna komum við með viðbót á markaðinn, Ástareld, sem er notuð í sama tilgangi og Unaðsolían en með öðrum ilmi, einungis til að

auka fjölbreytni fyrir neytendur. Við þessa nýjung náðum við til enn breiðari hóps notenda.“

Þriðja varan kom svo í kjölfarið og ber heitið Ástarleynd en um er að ræða kynörvandi sleipigel sem veitir öflugri örvun en oliurnar. „Við erum alveg viss um að Ástarlinan sé búin að gjörbreyta ástárlífi fjölda hjóna til hins betra og styrkja og efla samböndin sem er ánægjulegt að mega vera þátttakandi í. Ég hvet alla sem ekki hafa prufað þessar einstöku vörur að slá til og kynna sér gagnsemi þeirra.“

Stutt í náttúruna

Purity Herbs var stofnað á Akureyri árið 1994 og fagnar því 28 ára afmæli í ár. „Það er frábært að reka svona fyrirtæki hér á Akureyri. Staðsetningin er afar góð því hér er stutt að fara í jurtafni á sumrin. Við náum að tína flestar jurtir sem við þurfum í okkar nærumhverfi. Eyjafjörðurinn og nágrenni sjá okkur fyrir 80 prósentum af öllum jurtunum sem við þurfum en einnig ræktum við sjálf morgunfrú (Calendula officinalis) á okkar eigin jörð í Hörgársveit. Við notum morgunfrú í nánast allar okkar vörur því hún er alveg einstök húðbættandi jurt með mikinn lækningamátt.“

Útflutningur gengur vel

Purity Herbs er á fullu í útflutningi og segir Ásta vera mikinn áhuga erlendis fyrir þeirra hreinu kraftmiklu vörum. „Við eigum tryggja viðskiptavinum úti um allan heim sem geta ekki hugsað sér neinar aðrar vörur heldur en Purity Herbs. Fyrirtækið er með dreifingaraðila í tíu löndum og enn er eftirspurn í gangi þannig að við eigum von á fleiri löndum á þessu ári. Einnig munum við nota árið 2022 til að endurbæta grunninn í kremunum okkar. Þeir eru góðir nú þegar en verða ennþá betri á næstunni. Þannig að það er stöðug framþróun í gangi í framleiðslunni og hver veit nema nýjar vörur líti dagsins ljós áður en árið er liðið.“ ■



Starfsfólk Purity Herbs nær að tína flestar jurtir sem fyrirtækið þarf í nærumhverfinu en Eyjafjörðurinn og nágrenni sjá fyrirtækinu fyrir 80 prósentum af öllum jurtunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AÐUNN

Kemur ró á ristilinn

Hrafnhildur hefur starfað sem einkaþjálfi hjá World Class í um 17 ár. Hún þjáðist af ristilvandamálum og bakflæði í áratugi vegna meðgönguógleði, sem orsakaði sjö mánaða uppköst.

Fyrir þremur árum fór Hrafnhildur Hákonardóttir í ristilspeglun vegna óþæginda í ristli og meltingarvandamála. „Ristillinn hafði verið til trafala í 25 ár frá því ég var ólétt. Á meðgöngunni ældi ég daglega í um sjö mánuði. Eins edlilegur hlutur og ólétt er fyrir kvenlíkamann eru sjö mánuðir af uppköstum ekkert grín fyrir líkamsstarfsemina. Ég hlaut af þessu varanlegar skemmdir á vélinda sem orsaka bakflæði. Einnig hafði þetta slæm áhrif á ristilinn, sem hafði þau áhrif að ég fór að finna fyrir verkjum í baki og líkamanum öllum. Ég hafði lengi tekið inn ýmis magalyf og alltaf þurft að passa hvað ég borðaði af hveiti- og mjólkurvörum, en það tók mig nokkur ár að átta mig á að þessar matartegundir færu illa í mig.

Mér var ráðlagt að taka inn magnesíum til þess að koma jafnvægi á meltinguna og róa ristilinn. Ég prufaði nokkrar tegundir en þær hentuðu mér ekki. Til allrar hamingju var mér bent á magnesíum með fjallagrös frá ICEHERBS, en fjallagrös eru mjög mjúkandi. Nú hef ég tekið magnesíumblönduna í þrjú ár og aldrei liðið betur. Ég er komin með sléttan maga og meltingin er komin í hið stakasta lag. Með því að taka reglulega inn magnesíum með fjallagrösum get ég jafnvel leyft mér að svindla, því ég veit fátt betra en að geta fengið mér pasta og hvítlauksbraud á góðum degi. Við bakflæðinu



Magnesíum með fjallagrös frá ICEHERBS hefur hjálpað Hrafnhildi Hákonardóttur mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

tek ég hóstamixtúru með fjallagrös frá ICEHERBS. Mixtúran er bragðgöð og mjúk í hálsi og hjálpar mér að sofa eins og engill,” segir Hrafnhildur.

Einstök blanda

Magnesíumskortur er eitt stærsta lýðheilsuvandamál sem við glímum við í nútímanum. Magnesíum er eitt mikilvægasta steinefni í líkamanum og kemur við sögu í yfir 300 efnaskiptum, allt frá slökun vöðva- og taugakerfisins, virkni hjarta- og æðakerfisins og í upptöku steinefna. Magnesíum blandan frá ICEHERBS er einstök á heimsvísu og inniheldur magnesíum citrate og handtínd, íslensk fjallagrös. Fjallagrös og magn-

esíum virkar saman á einstakan hátt. Fjallagrös mýkja meltinguna og magnesíum eykur upptöku á steinefnum úr fjallagrösunum. Magnesíum citrate er eitt fárra bætiefna sem er gott að taka inn að staðaldri, en það er mjög erfitt að fá nægt magnesíum úr fæðunni. Þá er mælt með að þeir sem stunda líkamsrækt taki magnesíum reglulega.

Áhrif magnesíums

Magnesíum stuðlar að edlilegri vöðvastarfsemi og er talið bæta gæði svefns og draga úr fótapirringi og sinadrætti. Þá stuðlar magnesíum að því að draga úr þreytu og lúða.

Magnesíum er einnig notað í

meðhöndlun meltingarvandamála. Það eykur vatnsinntöku í meltingarkerfið sem auðveldar líkamanum að melta og losa hægðir. Þá er magnesíum einnig hreinsandi og hefur góð áhrif á ristilinn. Það stuðlar líka að edlilegri starfsemi taugakerfisins.

Leyndarmál frá náttúrunni

Fjallagrös hafa öldum saman verið notuð sem náttúruleg heilsujurt á Íslandi. Þau eru rík af steinefnum og stuðla að heilbrigðri þarmaflóru. Þá eru fjallagrös vatnslosandi og minnka bjúg. Fjallagrös innihalda einnig trefjar sem mynda mýkjandi himnu á slímhúð í maga sem bætir og mýkir meltinguna.

Hrein náttúruafurð

Markmið ICEHERBS er að nýta náttúruauðlindir sem tengjast íslenskri hefð og sögu og vinna í hreina neytendavæna vöru fyrir viðskiptavinum. „Við hjá ICEHERBS leggjum áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni sem byggja á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Við viljum að vörurnar okkar nýtist viðskiptavinum okkar, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Þá notum við enn fremur engin óþörf fylliefni.“ ■

ICEHERBS fæst í öllum betri matvöruverslunum, apótekum og heilsuvöruverslunum og í nýrri

Heillaðist snemma af gítarnum

Fyrsta plata djassgítaristans Hróðmars Sigurðssonar kom út síðasta haust og hlaut góðar viðtökur. Fram undan eru mörg spennandi verk efni með ólíkum aðilum auk þess sem hann fer brátt að huga að næstu plötu.

starri@frettabladid.is

Djassgítarleikarinn Hróðmar Sigurðsson gaf út sína fyrstu plötu síðasta haust við góðar undirtektir og er strax farinn að leggja drög að þeirri næstu. Frumraun hans er samnefnd honum og inniheldur átta lög. „Tónlistinni mætti lýsa sem bræðingi af sálartónlist, latin- og djassmúsík þar sem hljóðheimur hverfist um rafgítarinn og haganlega samofnar brassútsætningar sem kallast á við kraumandi takt hjá ryþmasveit og má heyra innblástur frá hinum ýmsu tónlistarstílum.“

Hróðmar starfar bæði sem tónlistarmaður og tónlistarkennari og er meðlimur í ýmsum verkefnum og hljómsveitum ásamt því að starfrækja sína eigin hljómsveit. „Þar má meðal annars nefna hljómsveit Ingibjargar Turchi, Elvar Bragi Quintett, Fafla og Elisabetu Ormslev. Síðan hef ég verið að leysa af í hljómsveitum í sýningum í Borgarleikhúsinu eins og 9 líf, Emil í Kattholti og Elly þegar hún var í gangi. Það er ótrúlega gaman að fá tækifæri til að starfa í svona fjölbreyttum verkefnum og mjög gefandi að fá að taka marga mis-



Frumraun Hróðmars Sigurðssonar kom út í ágúst á síðasta ári.

munandi vinkla á tónlistarflutninginn, hvort sem það er í spunatónlist, leiksýningum, popptónlist eða bara hverju sem er.“

Blúsformið opnaði á spunann

Hann segist snemma hafa heillast af gítarnum. „Þegar ég var ellefu ára gamall fékk ég gítar í afmælisgjöf en hafði fyrir það lært aðeins á blokkflautu og trompet. Ég er sjálfmenntaður á gítarinn eða alveg þar til ég hóf nám við Tónlistarskóla FÍH þegar ég var tvitugur.“

Það sem heillaði hann helst við gítarinn á þeim tíma voru gítarhetjur í hljómsveitum eins og Led Zeppelin, Guns N' Roses, Pink Floyd og AC/DC. „Ég var í unglingshljómsveitum þar sem við lékum lög aðallega eftir þessar sveitir og höfðum mjög gaman af. Þá var stefnan að sjálfsögðu tekin á að verða eins og þessar fyrirmyndir mínar í tónlistinni á þeim tíma.“ Seinna stofnaði hann



Hróðmar Sigurðsson gítarleikari.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

blúshljómsveit með vinum sínum þegar hann stundaði nám við Menntaskólann að Laugarvatni. „Ég sökkti mér í blústónlistartungumálið og opnaði blúsformið mikið á þá spunatónlist sem ég fæst hvað mest við í dag.“

Djassinn á hug hans allan

Djassinum og spunamúsík kynnt-

ist hann svo fljótlega eftir að hann hóf nám í Tónlistarskóla FÍH. „Sú tónlist á hug minn allan þó ég taki þátt í hinum ýmsu verkefnum sem að falla ekki undir djasshattinn. Tónlistarskóli FÍH hjálpaði mér að öðlast tækni til að geta spilað hinar ýmsu stefnur og einnig kynntist ég mörgu góðu fólki sem ég vinn með í dag. Svo hefur metnaður

minn farið meira í þá átt að skapa tónlist sjálfur og hjálpa öðrum með sín verkefni, frekar en að vera í einhverjum forgrunni, og að því einfaldlega að geta starfað við að spila og búa til tónlist.“

Paulreynt aðstoðarfólk

Gerð fyrstu plötunnar tók um eitt og hálf ár. „Lögin samdi ég flest í desember og janúar 2020 og flutti á tónleikum í febrúar sama ár. Hljóðritanir fóru svo fram í lífandi flutningi í júní og ágúst sama ár. Síðan tók við eftirvinnsla og hljóðblöndun sem ég gaf mér góðan tíma í til þess að geta mælt aðeins efnid og komið þessu frá mér þannig að ég yrði sáttur.“

Mannskapurinn á plötunni er ekki af verri endanum. „Útan mín voru með mér þau Ingibjörg Elsa Turchi á bassa, Magnús Jóhann Ragnarsson á hammondorgel og rhodes, Magnús Trygvason Eliassen á trommur, Kristofer Rodríguez Svónuson á slagverk, Elvar Bragi Kristjánsson á trompet og flugelhorn, Ingi Garðar Erlends-son á básúnu, Tumi Árnason á tenórsaxófón og svo Örn Eldjárn á pedal steel-gítar í loklaginu. Þórdís Erla Zöega gerði síðan þetta geggjada plötuumslag.“

Hróðmar er þegar byrjaður að semja og útsetja fyrir næstu plötu sem kemur líklega út á næsta ári.

Fluguveiðin heillar

Það er fátt sem kemst að í lífi Hróðmars utan gítarinn og kennslan. „Ég á mér þó áhugamál sem hefur heltekið mig undanfarin ár og það eru fluguveiðar. Það er eitthvað svo stórkostlegt við það að vera í íslenskri náttúru á sumrin og kasta flugu fyrir fisk. Ég býð því spenntur eftir næsta veiðitímabili.“ ■

Nánar á frettabladid.is

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Toyota Yaris Active 1/2018. Ekinn 86 þús. km. Sjálfskiptur framhjóladrifin rúsin sem er góður í snjónum. Verð: 1.980.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málarar

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaramestari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málaramestari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitur.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

RÚNAR MÚRARI EHF
S 774-3800

HÚSAVIÐGERÐIR
MÚRVIÐGERÐIR
STEYPUVIÐGERÐIR
ENDURHRAUNA
TRÖPPUVIÐGERÐIR
MÁLNINGARVINNA
ÞAKMÁLUN

FLÍSA LAGNIR

o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi

Tilboð þér að kostnaðarlausu

https://runarmurari.is/
runarmurari@gmail.com
VSK 133377

Keypt & Selt

Til sölu



Mobility.is

Hjól og hjálpertæki
sala og leiga

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar
á tilboði

Gítarar og
hljómborð
í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Heilsa

Heilsuvörur



Húsnæði

Húsnæði í boði

2. herb. ca. 50fm íbúð á sv. 108 v. Suðurlandsbr. fyrir reglus., reykl. og barnlaust þar eða einstakl. eldri en 30 ára. 170 þús. Uppl. í s. 898-7868 milli kl. 13-16.

Geymslúhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúð, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

B O R G
FASTEIGNASALA

Falleg sérhæð í Hlíðunum

Opið hús fimmtudaginn 17. feb. kl. 17:15-18:00



Grænahlíð 6	105 Reykjavík
Sérhæð	Alls 192,2 fm
Tvennar svalir	
Einstaklega falleg og björt íbúð á efstu hæð í þrjúþingi	
Úlfar Þór Davíðsson	Löggiltur fasteignasali
788 9030	ulfar@fastborg.is



Fyrirtæki ársins 2021

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirief.is

HENDI
Tools for chefs | 2019

ALSTARCO

Klakavélar

mikið úrval



18gr 18 gr ískubbar

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirief.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHIPFITTINGS

Sýningarsalur
Draghalsi 4 -
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

TAKTÍK 57.67 #

hagvangur.is



HAGVANGUR



Stílabók



GEFÐU GJÖF TIL HEILLA


HEILLAGJAFIR.IS



Barnaheill



Veðurspá Miðvikudagur



Austlæg átt 5-13 og snjócoma eða él á austanverðu landinu. Úrkomulítið annars staðar, en sums staðar snjócoma við suðvestur- og vesturströndina. Frost 0 til 5 stig. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 kveðja
- 5 pípa
- 6 tveir eins
- 8 getspakur
- 10 tveir eins
- 11 jafnvel
- 12 farkostur
- 13 keppni
- 15 hryggðar
- 17 snuða

LÓÐRÉTT

- 1 ámæla
- 2 há
- 3 sprækur
- 4 undirstaða
- 7 hyrningur
- 9 skjóða
- 12 æsa
- 14 stafur
- 16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 bless, 5 rór, 6 tt, 8 innsær, 10 gg, 11 eða, 12 skíp, 13 leik, 15 angurs, 17 narra. LÓÐRÉTT: 1 brígsia, 2 löng, 3 ern, 4 stæð, 7 trápisa, 9 sekkur, 12 síga, 14 em, 16 tr.

1	2	3	4		
5			6	7	
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

Alexander Oliver Mai (2.207) átti leik gegn Timur Yonal (1.936) á alþjóðlegu móti í Serbíu.

19.Db6! 0-0 (Hvítur vinnur mann þar vegna 19...Dxb6 20. Hd8#). 20.Dxb4 a5 21.Dd4 Dxd4+ 22.Hxd4 og hvítur vann um síðir. Hjörvar Steinn Grétarsson hefur fullt hús eftir sex umferðir á Skákþingi Reykjavíkur. Davíð Kjartansson, Arnar Milutin Heiðarsson og Sigurbjörn Björnsson eru í 2.-4. sæti með 4½ vinning.

www.skak.is: Skák í Serbíu. ■

Sudoku

2			6	1	5			
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4				3	8		


	4		5				9		7
		8	3				4		5
							8	2	
				2	4				
1							5	9	
	4	7					8		
				3			7	2	
						1	3		
			8						9

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



SERTA ER OPINBER BIRGI



SERTA SPLENDID ROYAL

FIMM STJÖRNU STILLANLEGT RÚM MEÐ HÖFÐAGAFLI

SETTU ÞIG Í STELLINGAR FYRIR BETRI SVEFN MEÐ ÞVÍ EINU AÐ SNERTA TAKKA GETUR ÞÚ STILLT RÚMID Í HVADA STELLINGU SEM ÞÉR HENTAR

SPLENDID ROYAL heilsurúmið er virkilega vandað rúm sniðið að þínum þörfum. Botninn er fjáðrandi (box-spring) samsettur úr 20 cm háum gormum sem gefa rúminu enn meiri þægindi og lagar það fullkomlega að þér.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði.

Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Þannig tryggir þú rétta svefnstillingu hver sem svefnstada þín er og hjálpar þér að ná dýpri og betri svefn. Hægt er að velja um tvo stifleika, allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Yfirdýnan er millistíf heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu í dýnunni. Höfuðgaflinn er fágadur og stílhreinn. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.

Stærð	Fullt verð:	Fullt verð:
	með Ocean gafl og HR toppi	Gafl Ocean
160x200	649.900 kr.	79.000 kr.
180x200	679.900 kr.	89.000 kr.
180x210	689.900 kr.	89.000 kr.
200x200	739.900 kr.	99.000 kr.



Náttborð á mynd er ekki innifalið í verði.



VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566





NÝTT ÁR NÝIR TÍMAR ÓOPNAÐIR PAKKAR

Hvetjandi vinnuaðstaða
fyrir fyrirtæki,
einstaklinga og
stofnanir

www.betristofan.com

Baða sápur

Unnar úr ávöxtum og grænmeti sem fellur til hjá Bónus

598

kr./pk.

BÄDA
REYKJAVÍK
HAND- & BADSÁPA
HAND & BATH SOAP
SANTAL & BLÁDRI
BLURU TEA & BLUGLEIÞINGA

BÄDA
REYKJAVÍK
HAND- & BADSÁPA
HAND & BATH SOAP
GÜRKA & SÍTRÓNUR
CUCUMBER & LEMON

Ódýrustu
bringurnar
í bónus

1.498

kr./pk.



Euroshopper frosnar danskar kjúklingabringur 900 g

1.298

kr./kg



K.S. frosið lambalæri

298

kr./pk.



Merrild special 400 gr

459

kr./pk.



Covid 19 sjálfspróf

998

kr./pk.



Svartar grímur 50 stk.

698

kr./pk.



Rúðuvökvi -18 gráður 4 ltr

BÓNUS

Bananar

Hollt og ódýrt millimál í
umhverfisvænum umbúðum



u.þ.b **61**
kr./stk.


Dole banani
275 kr./kg

20,2 g
kolvetni*

90
kaloríur*

1,8 g
trefjar*

1,2 g
prótein*



* miðað við 100 g - einn banani er u.þ.b 150 g án hýðis

Þrumur og eldingar í Hörpu

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar
Verk eftir Mozart og Beethoven í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Stjórnarndi: Eva Ollikanen
Eldborg í Hörpu
fimmtudagur 10. febrúar



Eva Ollikanen stjórnaði hljómsveitinni og gerði það ákaflega vel.

Jónas Sen

MYND/ADSEND

Forleikurinn að Brúðkaupi Figarós, sem var á dagskránni á hádegistónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudaginn, er afar skemmtileg tónlist. Hún er full af fjöri, enda var tónskáldið með mikla kímniágu. Þetta er undirstrikað í hinni stórkostlegu kvikmynd, Amadeus, sem fjallar um Mozart. Þar vekur hann hneykslun fyrir trúðslæti, en snilldin sem flæðir í gegnum hann virkar fyrir bragðið enn þá tilkomumeiri. Andstæður fifflátanna og upphafinnar tónlistarinnar eru furðulega heillandi.

Eva Ollikanen stjórnaði hljómsveitinni og gerði það ákaflega vel. Hljómsveitin spilaði af öryggi, hröð tónahlaup voru skýr og jöfn. Raddir mismunandi hljóðfærahópa voru nákvæmar og heildarhljómurinn voldugur og bjartur. Túlkunin einkenndist af spennu og lífligheitum, akkúrat eins og hún átti að hljóma. Þetta var frábært.

Hermt eftir sveitasælu

Hitt verkið á efnisskránni var sjötta sinfónían eftir Beethoven, sem jafnan er kölluð Sveitasinfónían. Hún er svokölluð hermitónlist, þ.e. líkur eftir einhverju áþreifanlegu fyrirbæri eða sögu. Victor Hugo sagði eitt sinn að tónlist væri um eitthvað sem ekki er hægt að koma orðum að, en samt ekki hægt að þegja yfir. Þetta á ekki við um Sveitasinfóníu Beethoven, því hægt er að segja með fáeinum orðum um hvað hún fjallar. Fyrsti kafliinn er um fögnuðinn yfir að komast í sveitina – væntanlega að sumri til. Annar kafliinn er um notalega stund við læk, en því næst byrjar sveitaball. Þá skellur á þrumuveður og svo styttr upp og allt verður gott á ný.

Þessi einfalda mynd er síður en svo einföld í tónlistinni, og það er ekkert banalt við hana. Fyrsti kafliinn er margslunginn og fullur af ljúfum tilfinningum. Stemningin við lækinn er sömuleiðis yndisleg og ballið er skemmtilegt. En það er þrumuveðrið sem skapar nauð-

”

Túlkunin einkenndist af spennu og lífligheitum, akkúrat eins og hún átti að hljóma. Þetta var frábært.

synlegt drama. Þar eru pákurnar lamdar af miklu afli til að líkja eftir þrumum. Pákuleikarinn, Sorya Nayyar, fór þarna á kostum á tónleikunum. Hljómsveitin í heild spilaði prýðilega undir öruggri stjórn Ollikanen. Tónlistin var tignarleg og tæknilegar hliðar flutningsins voru útpældar og flott settar fram. Blásararnir voru með allt á hreinu.

Fyrir gráglettni örlaganna var sinfónía Beethovenens um sumar-sælu í sveit frumflutt á ísköldum desemberdegi í Vínarborg árið 1808, í óupphituðum tónleikasal af illa æfðri hljómsveit. Sú var aldeilis ekki raunin hér.

Snillingar í kvikmyndum

Bæði forleikurinn að Brúðkaupi Figarós og Sveitasinfónían hafa verið notuð í kvikmyndum. Forleikurinn er í Trading Places með Eddie Murphy og Dan Akroyd. Þar gengur betlari í hlutverk forriks kaupsyslumanns og öfugt – með kostulegum afleiðingum. Og Sveitasinfónían er meginuppistaðan í Fantasíu eftir Walt Disney, eldri myndinni. Disney fylgdi þó ekki forskrift Beethovenens, heldur setti tónlistina í grískt góðsagnasamhengi. Þar eru kentárar og satírar, guðir og galdrar og er útkoman hreint út sagt mergjað sjónarspil. Báðar myndirnar eru aðgengilegar á sjónvarpsveitum, sú fyrri á Amazon Prime og hin á Disney plús. Nú er um að gera að leggjast í sófann með popp og kók og glápa úr sér augun. ■

NIÐURSTADA: Glæsileg tónlist og stórfenglegur flutningur.



Pessi forvitnilega sýning Helga er í Kling&Bang.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ekki að segja eina sögu heldur nokkrar

Helgi Hjaltalín sýnir glæný verk, þrjár stórar vatnslitamyndir og grafíkverk, í Kling & Bang á sýningunni Haugsuga-Dreifari. Sýningin stendur til 20. mars.

kolbrunb@frettabladid.is

„Vatnslitamyndirnar eru samsettar þannig að ég vinn út frá ljósmyndum sem ég hef fundið, teikna þær upp á A4 blöð og vinn síðan hvern hluta fyrir sig sem sérhæft verk og legg myndina ekki frá mér fyrr en ég er orðinn ánægður með hana. Ég veit ekki nákvæmlega hvað ég er að mála en veit nokkurn veginn hvar ég er staddur í myndinni hverju sinni. Þannig vann ég þessar þrjár stóru myndir í um það bil ár, frá janúar til desember, þannig að þær fóru bæði í gegnum myrkríð og ljósið,“ segir Helgi.

Haugsguga má finna bæði í vatnslitamyndunum og grafíkmyndunum. „Ég hef haft mikinn áhuga á haugsugum og dreifurum sem sjást við bæi úti um allt land. Ég trúði ekki því sem stóð á þeim: abbey (klostur). Mig langaði til að nýta haugsuguna í myndlistinni,“ segir listamaðurinn. Hann segir allnokkra þælingu liggja að baki yfirskrift sýningarinnar Haugsuga-Dreifari. „Ef manni list ekki á það sem fólk er að segja þá segir maður að það sé verið að dreifa óhróðri og þeir sem það gera eru kallaðir skítadreifarar. Haugsuga og dreifari eru líka jarðræktartákn, maður undirbyr jarðveginn með þeim. Maður er líka sem einstaklingur alltaf að

”

Vatnsliturinn er svolítið kvenlegur og grafíkin hefur verið kvenlegi þátturinn í myndlistinni og svo sýni ég handverk, þannig að ég er í mýrkri kantinum að tala um svolítið erfiða hluti, pólitíska og trúarlega.

taka eitthvað inn og koma því frá sér í form eða verk. Þannig að það má leika sér að þessum orðum á ýmsa vegu.“

Hluti sannleikans

Jón B.K. Ransu skrifar texta sem fylgir sýningunni og fjallar þar meðal annars um frummynd og eftirmynd og segir: „Þegar Helgi sækir mynd á leitarvef internetsins, og notar í eigin list, ögrar hann hugmyndinni um eftirmynd og frummynd ...“.

„Þarna er verið að ræða um það að ljósmyndin er tekin út frá sjónarhóli ljósmyndarans og einungis einn hluti af sannleikanum eða þá bara lygi. Þegar maður notar myndefni af netinu, eins og ég geri, þá veit maður ekki hvort búið er að fíkta í því. Stundum kemur þetta myndefni óbeint inn í verkin og stundum

nota ég þau í önnur myndverk,“ segir Helgi og bendir á mynd á sýningunni af Angelu Merkel en þar má einnig sjá félagi á Ku Klux Klan. „Þessi mynd er algjörlega tilbúin mynd, það er búið að fótósjoppa Merkel út og suður og setja á bakgrunn og myndin er síðan prentuð út sem plakat fyrir kosningarnar 2014. Svo var ýmsu slett á plakatíð. Ég kem síðan og mála og þá kemur annað lag á þessu mörgu lög sem eru þarna fyrir.“

Á sýningunni eru einnig litlir skúlptúrar af mótörum. „Ég kenni smíði í barnaskóla og þá er stundum sest niður saman í hring og tálgað og þá hef ég verið að tálga mótora,“ segir Helgi.

Kvenlegi þátturinn

Um sýninguna segir hann: „Á þessari sýningu er ég að vinna með mjúk element, vatnsliturinn er svolítið kvenlegur og grafíkin hefur verið kvenlegi þátturinn í myndlistinni og svo sýni ég handverk, þannig að ég er í mýrkri kantinum að tala um svolítið erfiða hluti, pólitíska og trúarlega. Ég er ekki að segja eina sögu heldur nokkrar.“

Hvernig sögur? spyr blaðamaður og Helgi bendir á mynd sína af Merkel. „Þarna er einn vinsælasti stjórnmálaleiðtogi heims. Merkel hleypir tveimur milljónum ólöglegra innflytjenda inn í landið, sem manni finnst vera rétt, en hún tapar kosningunum. Það sýnir að við höfum ekki vald á umræðunni og höfum ekki getu til þess að takast á við hana. Þetta er meðal annars það sem ég er að reyna að sýna.“ ■

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433
Netfang: bjornsbakari@bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Myrkir músíkdagar í mars

kolbrunb@frettabladid.is

Tónlistarhátíðin Myrkir músíkdagar fer fram dagana 1.-8. mars og lokatónleikarnir með Báru Gísladóttur þann 12. mars. Tónleikastaðir eru Harpa, Hallgrímskirkja og Norræna húsið.

Sóley Stefánsdóttir, Bára Gísladóttir, Sigurgeir Agnarsson, Caput Ensemble, Kammersveit Reykjavíkur, Heiða Arnadóttir, John McCowen, Matthias Engler, The Emotional Carpenters, Duo Harpwerk, Cantoque Ensemble, og Nordic Affect eru meðal flytjenda á Myrkum músíkdögum í ár. Leiðarljós hátíðarinnar er að flytja og kynna samtímatónlist með áherslu á nýja íslenska tónlist í bland við erlenda. ■



Bára Gísladóttir kemur fram á Myrkum músíkdögum.

MYND/ADSEND



Konudagur á frettabladid.is

Skráðu þína
eftirlæti konu til leiks á
frettabladid.is/konudagur

Glaesilegir
vinningar í boði!

Drögum út
á mánudag,
21. febrúar



Hydraflot



B BETA
NORDIC VITAMIN



REYKJAVÍKUR
BLÓM



H-BERG



HLAUPÁR



NESPRESSO



Hnoss
restaurant & bar



belladonna



ChitoCare
beauty
Natural beauty of ICELAND



LOSTI



NIVEA

frettabladid.is

Costa Ballena

Fegursta strönd Spánar

1 eða 2 vikur

Frá 99.900 kr

Allt innifalið

Beint flug með Icelandair - 22.maí



Aventura kynnir beint flug til Jerez og dvöl á Costa Ballena á glæsilegu 4 stjörnu hóteli, Alegria Costa Ballena með frábærum aðbúnaði fyrir fjölskylduna.



Hóтелиð

Frábær gististaður staðsettur rétt fyrir ofan ströndina, með glæsilegum aðbúnaði fyrir fjölskylduna. Hér finnur þú alla þá aðstöðu sem þú vilt í fríinu.

Glæsilegan garð með risastórum vatnsrennibrautagarði, líkamsrækt, heilsulind, barnaklúbb, skemmtidagskrá og frábæra veitingastaði.



- Líkamsrækt
- Spa
- Vatnsrennibrautagarður
- Veitingastaðir
- Skemmtidagskrá
- Barnaklúbbur
- Hjólaleiðir
- Glæsileg strönd

Verð m.v. 2 fullorðna og 2 börn, flug, gisting og allt innifalið á hótelinu í 7 nætur. Sjá nánar á www.aventura.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?



Miðvikudagur

Hringbraut

- 18.30 **Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 **Markaðurinn** Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 **Saga og samfélag** Málefni liðandi stundar rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.
- 20.00 **Bióbærinn** Fjallað um væntanlegar kvikmyndir og þáttaraðir ásamt almennu bióspjalli.
- 20.30 **Fréttavaktin (e)**
- 21.00 **Markaðurinn (e)**

RÚV Sjónvarp

- 07.35 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í 4x6 km boðgöngu kvenna í skíðaskotfimi.
- 08.55 **Íþróttafrek Bjarni Friðriksson**
- 09.05 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í sprettgöngu karla og kvenna á skíðum.
- 10.15 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í 4x7,5 km boðgöngu karla í skíðaskotfimi.
- 11.45 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í skautaatli karla og kvenna.
- 13.45 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í svigi karla, seinni ferð.
- 15.10 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í 4x6 km boðgöngu kvenna í skíðaskotfimi.
- 16.35 **Kastljós**
- 17.00 **Okkar á milli**
- 17.30 **Menningarvikan**
- 18.00 **KrakkaRÚV**
- 18.01 **Tölukubbar**
- 18.06 **Hrúturinn Hreinn**
- 18.13 **Refurinn Pablo**
- 18.18 **Múminálfarnir**
- 18.40 **Krakkafréttir**
- 18.45 **Lag dagsins** Ellen Kristjánsdóttir og Mannakorn, Línudans.
- 18.52 **Vikinglottó**
- 19.00 **Fréttir**
- 19.25 **Íþróttir**
- 19.30 **Veður**
- 19.35 **Kastljós**
- 20.05 **Ólympiukvöld** Samantekt frá viðburðum dagsins á Vetrarólympíuleikum í Peking.
- 20.35 **Kiljan**
- 21.05 **Kraftaverkið The Miracle**
- 22.00 **Tíufréttir**
- 22.15 **Veður**
- 22.20 **Stacey Dooley. Sjálfsvigsárásir kvenna í Nigeríu**
- 23.10 **Undirrót haturs Why We Hate**
- 23.55 **Læknirinn í Núba The Heart of Nuba** Heimildarmynd um bandaríska lækninn Tom Caten sem hefur helgað líf sitt umönnun sjúklinga í Núba, stríðshrjáðu svæði í Súdan. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.

- 01.20 **Kastljós**
- 01.50 **Ólympiukvöld**
- 02.20 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í bruni í alpatvikeppni kvenna.
- 04.00 **ÓL 2022** Bein útsending frá úrslitaleik kvenna í ishokki.
- 06.30 **ÓL 2022** Bein útsending frá keppni í svigi í alpatvikeppni kvenna
- 08.10 **Dagskrárlok**

Stöð 2 Golf

- 08.00 **Ras al Khaimah Championship** Útsending frá Ras al Khaimah Champonship.
- 12.30 **Magical Kenya Ladies Open**
- 15.30 **Magical Kenya Ladies Open**
- 18.30 **Magical Kenya Ladies Open**
- 21.30 **Magical Kenya Ladies Open**
- 22.00 **Magical Kenya Ladies Open**

Sjónvarp Símans

- 12.30 **Dr. Phil**
- 13.15 **The Late Late Show**
- 14.00 **The Block**
- 15.00 **Ghosts**
- 15.30 **Kenan**
- 16.00 **Survivor**
- 16.55 **The King of Queens**
- 17.15 **Everybody Loves Raymond**
- 17.40 **Dr. Phil**
- 18.25 **The Late Late Show**
- 19.10 **The Block**
- 20.10 **Celebrity Best Home Cook**
- 21.50 **Station 19**
- 22.40 **The Great** Dramatísk þáttaröð með gamansömu ívafi sem fjallar um eina merkustu konu mannkynssögunnar, Katrínu miklu. Sagan segir frá því þegar Katrín kom ung til Rússlands og giftist hinum fáfróða Pétri stórhertoga sem var erfingi að rússnesku keisarakrúnni. Skemmtileg þáttaröð sem fær mjög góða dóma frá gagnrýnendum.
- 23.35 **The Late Late Show**
- 00.20 **Dexter**
- 01.10 **9-1-1**
- 01.55 **NCIS. Hawaii**
- 02.40 **In the Dark**
- 03.25 **Tónlist**

RÚV Rás eitt

- 06.45 **Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 **Morgunvaktin**
- 07.00 **Fréttir**
- 07.30 **Fréttayfirlit**
- 08.00 **Morgunfréttir**
- 08.30 **Fréttayfirlit**
- 09.00 **Fréttir**
- 09.05 **Segðu mér**
- 09.45 **Morgunleikfimi**
- 10.00 **Fréttir**
- 10.03 **Veðurfreginir**
- 10.13 **Á reki með KK**
- 11.00 **Fréttir**
- 11.03 **Mannlegi þátturinn**
- 12.00 **Fréttir**
- 12.03 **Hádegjð Fyrri og seinni hluti**
- 12.20 **Hádegisfréttir**
- 12.42 **Hádegjð**
- 13.00 **Dánarfreginir**
- 13.02 **Samfélagið**
- 14.00 **Fréttir**
- 14.03 **Börn tímans Bragi Ólafsson rithöfundur**
- 15.00 **Fréttir**
- 15.03 **Svona er þetta**
- 16.00 **Siðdegisfréttir**
- 16.05 **Viðsjá**
- 17.00 **Fréttir**
- 17.03 **Lestin**
- 18.00 **Spegillinn**
- 18.30 **Sprotinn**
- 18.50 **Veðurfreginir**
- 18.53 **Dánarfreginir**
- 19.00 **Endurómur úr Evrópu** SOLsberg kammertónlistarhátiðin.
- 20.35 **Mannlegi þátturinn**
- 22.00 **Fréttir**
- 22.05 **Veðurfreginir**
- 22.10 **Lestur Passíusálma** (2 af 50)
- 22.20 **Segðu mér**
- 23.05 **Lestin**

Stöð 2 Bíó

- 10.50 **The Secret Garden**
- 12.25 **Mystery 101**
- 13.50 **Something's Gotta Give**
- 15.50 **The Secret Garden**
- 17.30 **Mystery 101**
- 18.55 **Something's Gotta Give**
- 21.00 **The Hangover 3**
- 22.35 **Welcome Home**
- 00.10 **The Photograph**
- 01.50 **The Hangover 3**

Stöð 2

- 08.00 **Heimsókn**
- 08.15 **The O.C.**
- 09.05 **Bold and the Beautiful**
- 09.25 **All Rise**
- 10.05 **Britain's Got Talent**
- 11.00 **Masterchef USA**
- 11.40 **Kjötætur óskast**
- 12.20 **Matargleði Evu**
- 12.35 **Nágrannar**
- 12.55 **GYM**
- 13.20 **Um land allt** Leynardómar Snæfellsjökuls. Kristján Már Unnarsson heilsar upp á fólk í ferðapjónustu undir jökli.
- 13.55 **Gulli byggir**
- 14.20 **Jamie & Jimmy's Food Fight Club**
- 15.10 **The Cabins**
- 15.50 **Falleg íslensk heimili**
- 16.25 **Who Do You Think You Are?**
- 17.35 **Bold and the Beautiful**
- 18.00 **Nágrannar**
- 18.26 **Veður**
- 18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 **Sportpakkinn**
- 18.55 **Ísland í dag**
- 19.10 **Heimsókn**
- 19.40 **First Dates Hotel**
- 20.30 **Breastfeeding My Boyfriend**
- 21.15 **The Unusual Suspects**
- 22.10 **Coroner** Jenny Cooper er dánardómstjóri í Toronto, þar sem hún rannsakar dularfull andlát. Áhugi hennar á dauðanum er allt að því óheilbrigður en sjálf hefur hún sína djöfla að draga.
- 22.55 **Damages**
- 23.45 **Damages**
- 00.45 **MacGruber**
- 01.10 **NCIS**
- 01.55 **Better Call Saul**
- 02.40 **Better Call Saul**
- 03.30 **Better Call Saul**

Stöð 2 Sport

- 07.25 **ÍBV - Valur** Útsending frá leik í Olís deild karla.
- 08.50 **KA - Stjarnan**
- 10.15 **Selfoss - Haukar**
- 11.45 **Seinni bylgjan**
- 13.00 **Seinni bylgjan** Íslenska handboltaævintýrið á EM 2022 verður gert upp í sérstökum aukapætti.
- 13.55 **ÍA - Þór** Útsending frá leik í Lengjubikar karla.
- 15.35 **Grindavík - KA**
- 17.15 **Valur - Gróttá**
- 18.55 **Lengjubikarmörkin**
- 20.00 **1 af 6** Jón Arnór Stefánsson.
- 20.45 **Tilþriffin**
- 21.30 **Lengjubikarmörkin**
- 22.30 **Þróttur - Fylkir** Útsending frá leik í Lengjubikar kvenna.

Stöð 2 Sport 2

- 06.45 **Meistaradeildarmörkin**
- 07.15 **Sporting - Manchester City**
- 08.55 **Meistaradeildarmörkin**
- 09.25 **Napoli - Inter**
- 11.05 **AC Milan - Sampdoria**
- 12.50 **Genoa - Salernitana**
- 14.30 **Atalanta - Juventus**
- 16.10 **Fréttapáttur Meistaradeildarinnar**
- 16.35 **Sporting - Manchester City**
- 18.15 **Meistaradeildarmörkin**
- 18.45 **Ítölsku mörkin**
- 19.15 **Meistaradeildin - Upphitun**
- 19.55 **Inter - Liverpool** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
- 22.00 **Meistaradeildarmörkin**
- 22.45 **Río Breogán - Valencia** Basket
- 00.20 **Inter - Liverpool**
- 02.15 **Meistaradeildarmörkin**

THULE[®]
SWEDEN

Skíða- og snjóbrettabogar

Fást í verslun okkar að Bíldshöfða 10



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

Sérfræðingurinn

Knúsið ekki úr sögunni

svavamarin@frettabladid.is



Berglind Sveinbjörnsdóttir
lektor við HR og forstöðumaður MSc náms í hagnýtri atferlisgreiningu

Covid-faraldurinn hefur óhjákvæmilega haft

áhrif á hegðun og atferli fólks. Enda hafa félagslegar aðstæður verið fordæmalasur síðustu tvö ár og sjálfsgæðar og eðlilegar athafnir eins og að heilsast og kveðjast með handabandi eða faðmlagi hafa ekki aðeins þótt óviðeigandi heldur beinlínis hættulegar.

„Við erum mjög von að breyta hegðun eftir reglum alls staðar í samfélaginu, sérstaklega þegar það er eru skýrar afleiðingar líkt og með kórónaveirunni,“ segir Berglind Sveinbjörnsdóttir, atferlisfræðingur við Háskólann í Reykjavík. „Við sem einstaklingar erum almennt frekar flink að laga hegðun okkar að breyttum reglum og held ég að þetta verði ekki breyting til frambúðar eftir að reglum er breytt,“ segir Berglind sem hefur trú á að fjöldinn eigi afturvæmt í sama félagslega farið.

„Um leið og amma og afi gefa barnabörnunum leyfi fyrir því að knúsa á ný erum við mjög fljót að fara til baka í fyrra hegðunarmynstur. Þótt við eigum almennt auðvelt með að aðlaga hegðun að reglum þá erum við mjög ólík og það gæti verið erfiðara fyrir suma að fara til baka,“ segir Berglind og bendir á að í einhverjum tilfellum sakni fólk fyrri hegðunar ekki neitt sérstaklega.

„Að auki getur verið erfitt fyrir suma að lesa í aðstæður og meta hvort þau eigi að heilsa, faðma eða brosa,“ segir Berglind og bætir við að flóknari samfélagsreglur gildi til dæmis hjá þeim sem eldri eru. Jafnvel á vinnustöðum.

Berglind segist aðspurð vonast til þess að hið aukna hreinlæti Covid-tímans fái að halda sér. „Ég vona að börnin á leikskólum haldi áfram að þrifa hendur um leið og þau koma inn.“ Þá segir hún tæknina einnig með ýmsu móti hafa opnað á nýja möguleika og haft áhrif á breytta samfélagshegðun. ■

Gellan sem gabbaði elítuna

Þessi saga er dagsönn, fyrir utan þá hluta hennar sem eru algjör tilbúningur. Þessi fyrirvari fylgir hverjum einasta þætti af nýjum leiknum sjónvarpsþáttum um svikahrappinn Önnu Delvey, sem frumsýndir voru á Netflix í síðustu viku.

ninarichter@frettabladid.is

Anna Delvey, aðalpersóna leiknu Netflix-heimildarþáttanna *Inventing Anna*, er miklu meira en svikahrappur. Hún er athafnakona, Instagram-stjarna, áhrifavaldur í tiskuheiminum og einhvers konar Hrói höttur, ekki fátæka fólksins heldur fábrotna og venjulega fólksins, á stafrænni öld.

Undirrituð hefur fylgt Önnu Delvey síðan fyrstu fréttir bárust af glæpum hennar árið 2018. Það er auðvelt að fá sögu hennar á heilann. Lífshlaup hennar hljómar jú, merkilegt nokk, eins og handrit að hörkuspennandi sjónvarpsþætti. Réttarhöld í máli hennar 2019 voru eins og leikrit með merkilega hátt skemmtanagildi og fataskápurinn hennar í réttarhöldunum átti sína eigin Instagram-síðu. Anna Delvey er draumur blaðamannsins.

Persónan Anna Delvey er að vissu leyti tilbúningur, en saga hennar á skjánum sem utan hans veltir upp spurningum um hvort við séum ekki öll gangandi um í tilbúnu sjálfi. Við lútum jú öll einhvers konar innri ritstjórn sem eflist í samskiptum við annað fólk og í tjáningu á stafrænum miðlum.

Anna Sorokin er dóttir rússneskra innflytjenda sem fluttu til Þýskalands eftir fall Sovétríkjanna. Hún hætti námi eftir stuttan feril í Central Saint Martins-listaháskólanum í London og flutti til New York. Fljótlega fór að bera á Önnu í skemmtanalífi borgarinnar. Hún var innan skamms komin inn fyrir raðir ríkasta og frægasta fólks heims. Anna Delvey, eins og hún kallaði sig, sagðist vera erfingi um 60 milljóna evra og stefndi hátt í Stóra eplinu.

Á stuttum tíma hafði Anna Delvey 200 milljónir Bandaríkjadala út úr bönkum, lúxushótelum og samstarfsfólki. Hún stefndi að stofnun listaklúbbsins Anna Delvey Foundation á Manhatten og var langt komin með að tryggja sér 25 milljóna dala fjármögnun, og í þróunarteymi verkefnisins voru virtustu arkitektar, matreiðslumeistarar og fasteignabráskarakar Bandaríkjana. Anna Delvey vissi hvernig hún átti að tala og klæða sig, vissi hvert hún átti að mæta og með



Leikkonan Julia Garner er gríðarlega sannfærandi í hlutverki Önnu Delvey og gerir áberandi hreim einstaklega góð skil.

MYND/NETFLIX



Það er ekki hægt að tala um sögu Önnu Delvey án þess að tala um skömm.

hverjum. Hún gaf þjófnefni í hundrað dala seðlum og það þótti fráleitt að efast um að hún ætti peninga. Anna Delvey átti þó aldrei krónu með gati.

Það er ekki hægt að tala um sögu Önnu Delvey án þess að tala um skömm. Skömm var tilfinningin sem bankastarfsmenn fundu fyrir þegar þeir komust að því að þeir höfðu verið blekkir. Skömm olli því að tilkynningar um misferli bárust seint og illa. Skömm hótelfarfrámannanna, skömm athafnafólks og skömm innan skemmtanabransans. Og skömm var líka tilfinningin sem Anna Delvey virtist ófær um að finna.

„Mér þykir ekki fyrir þessu,“ hefur blaðamaður *The New York Times* eftir Önnu í fangelsinu á Rikers Island daginn eftir að hún hlaut fjögurra til tólf ára langan fangelsisdóm. Fórnlömb hennar fengu peningana sína til baka og flest þeirra vissu



Hin raunverulega Anna Delvey á tisku-sýningu í New York árið 2014.

MYND/GETTY



Mál Önnu Delvey kom óþægilega við marga valdamikla aðila sem höfðu látið gabbast.

MYND/NETFLIX

ekki aura sinna tal. Sagan sjálf hefur getið af sér bækur og blaðagreinar og núna sjónvarpsþáttaröð. Margir hafa grætt á Önnu Delvey.

Hún er ýmist hetja eða skúrkur í augum fólks og það er áhugavert að

kynna sér glæpaferil hennar sem veltir upp spurningum um ímynd, áhrif og hagkerfi sem gengur fyrir ósýnilegu fjármagni og peningum sem aldrei sjást með berum augum. ■

Áhugaverð en árangurslaus leit

NETFLIX

Inventing Anna

Framleiðandi: Shondaland Productions

ninarichter@frettabladid.is

Það er stundum óþarfi að spilla góðri sögu með sannleikanum. Það er samt áhugavert að sjá hvaða atriði eru sönn og login í þáttum sem byggja á sannleikanum. Shondaland Productions, framleiðandi *Grey's Anatomy* og *Scandal*, stendur að baki framleiðslunni sem gefur fyrirheit um sterkar kvenpersónur, áherslur á tisku og dramatík í bilförmum. Þessi atriði eru öll á sínum stað. Persónugallerið er stórt og

vel unnið. Anna Delvey leiðir þó ekki söguna, heldur er það blaðakonan Vivian Kent sem rannsakar málið og leitar að hinni sönnu Önnu Delvey. Vivian Kent byggir á Jessicu Pressler, sem er blaðamaður og einn höfunda þáttanna. Það er eitthvað svolítið skrýtið við að blaðamaður skrifi sjálfan sig inn í drama með þessum hætti, en það háir þó ekki þáttunum sem afþreyingarefni.

Framvindan er nokkuð jöfn en það má spyrja hvort þættirnir hefðu notið sín betur í fimm þátta röð, í stað níu. Aðalpersónan, Vivian, er svolítið óþolandi í yfirborðslegri framagirni sinni og ófaglegri þráhyggju gagnvart Önnu Delvey, samhliða hliðarsögu um barnsburð í klisjulegri framsetningu á móður-



Rödd Önnu Delvey í sögunni er óáreiðanleg en samt látin stýra skipinu þegar handritshöfunda skortir orð.

hlutverkinu gagnvart atvinnulífnum. Leitni að sálinni í glæpakvendinu, leit sem er kjarni þáttanna, skilar engu. Áhorfandinn er í lokin litlu nær um hvernig Anna Delvey varð til, í hvers konar umhverfi hugmyndir hennar um sjálfa sig og heiminn þróuðust. Rödd Önnu Delvey í sögunni er óáreiðanleg en samt látin stýra skipinu þegar handritshöfunda skortir orð. ■

NIDURSTADA: Meðalgóðir þættir um eitt áhugaverðasta bandaríska hvítflibbaglæpamála síðustu ára. Persónusköpunin er fantagóð og þó að þessi bandaríska saga af upplögnum auði hefði mátt kryfja sitt eigið samfélag aðeins betur, stendur eftir finasta afþreying.

Febrúar tilboð

Topstar

MADE IN
GERMANY



Headpoint SY

VERÐ NÚ
64.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
93.900 kr.



P90 með netabaki

VERÐ NÚ
78.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
112.900 kr.

30% afsláttur

af öllum TOPSTAR stólum



Sitness 15

VERÐ NÚ
71.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
103.900 kr.



HÆGT
AÐ KAUPA
ARMA SÉR

Support

VERÐ NÚ
21.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
31.400 kr.



HÆGT
AÐ KAUPA
ARMA SÉR

Cube

VERÐ NÚ
49.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
74.900 kr.

www.hirzlan.is



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verzlun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opin
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is



Heiða gefur kost á sér í 3.-4. sæti.

Sjálfstæðismenn gapandi hissa

toti@frettabladid.is

Athafnakonan Heiða Þórðardóttir ákvað, nývöknuð, á laugardaginn að bjóða sig fram í 3.-4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar.

„Ég fæ bestu og stundum verstu hugmyndirnar þegar ég vakna eða er að sofna. Ég vaknaði eldsnemma aðfaranótt laugardags og fyrsta hugsun mín var: Hei, ég kýli á 3. eða 4. sætið. Helti upp á könnuna, settist við tölvuna, án þess að ráðfæra mig við kóng eða prest. Og hér er ég,“ segir Heiða sem tilkynnti ákvörðun sína á Facebook strax daginn eftir.

„Ég veit að margir, ef ekki allir Sjálfstæðismenn, urðu gapandi hissa,“ heldur Heiða áfram og bætir við að henni þyki vænt um allar þær heillaóskir sem henni hafi borist í kjölfarið. „Svo kemur í ljós hvort hugmyndin var góð eða vond.“

Heiða segist hafa fylgt Sjálfstæðisflokki síðan hún náði kosningaaldri. „Enn þann dag í dag kemur það mörgum á óvart.“ Heiða bendir á að þar með taldri séu meira að segja hennar fyrrverandi. „Öllum. Ég á þá nokkra,“ segir Heiða og hlær og bendir á að einhverjir vilji meina að hún eigi betur heima í Flokki fólksins. „Með öllu „góða fólkinu“ frekar en skúrkunum í Sjálfstæðisflokki, sem sumir álíta að þeir séu.“

Heiða lætur fljóta með að þó nokkrir hafi komið að máli við hana. Flestir óflokksbundnir eða úr öðrum flokkum og skorað á hana að „æða í oddvitann“ gegn Hildi Björnsdóttur.

„Mér fannst það fáránleg hugmynd. Algjört brjálæði. Ég hef unnið í grasrótinni af miklum krafti í þrotlausu sjálfboðastarfi, staðið fyrir viðburðum, tekið þátt í kosningarátum, verið kosningastjóri og sinnt trúnaðarstörfum og það mun ekki breytast þótt ég nái ekki kjöri.“ ■



SKRIFSTOFAN

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um skrifstofur og skrifstofuvörur kemur út 22. febrúar.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um auglýsingar og umfjallanir fyrir blaðið veitir;

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi Fréttablaðsins.
Netfang, jonivar@frettabladid.is – Beinn sími 550 5654.

Skugga Georg og Kenneth skrækur

Jón Gnarr fer með titillutverkið í Skugga Sveini hjá Leikfélagi Akureyrar og tekur þátt í málþingi um leikritið. Fyrir norðan fann hann tengingu milli Georgs Bjarnfredarsonar og Sveins og ætlar hann að ræða útilegumennina í verkinu í við samhengi og jafnvel með hliðsjón af slaufunarmenningu vorra daga.

toti@frettabladid.is

Jón Gnarr, sjálfur Skugga Sveinn, tekur þátt í málþingi í Sigurhæðum á Akureyri sem haldið verður á fimmtudaginn í tilefni frumsýningar Leikfélags Akureyrar á hinu sígilda verki Matthíasar Jochumssonar.

Samkvæmt dagskrá fjallar erindi Jóns um „útilegumennina í verkinu með hliðsjón af hugtakinu útilokunarmenning (cancel culture) nútímans“. Sjálfur segist Jón þó ætla að skoða Svein og félagi á mun við-ara samhengi og að hann sé meira að þæla í stöðu þeirra sem standa utangarðs á slóðum þar sem hann þekkir vel til.

Utangarðsmenn

„Það er útskýfun fólks sem hefur hrökklast úr samfélagi fólks sökum til dæmis afbrota sem eru líka í aðra röndina hluti af fikn. Það er að segja fólk sem á við fiknivanda að stríða og leiðist mjög gjarnan út í afbrot til að fjármagna fikn sína. Það fólk á síðan misjafnlega auðvelt með að komast inn í samfélagið aftur. Sérstaklega virðist það eiga erfitt með að komast inn í Samfylkinguna,“ segir Jón.

„Mér finnst bara athyglisvert hvernig þetta snertir svona „cancel culture“ en ég lít ekki á það sem útgangspunkt. Þannig að ég er ekki að einskorða mína skoðun við „cancel culture“ sem mér finnst vera annað fyrirbæri en er kannski það sama. Ég veit það ekki.“

Jón vikor talinu aftur að Skugga Sveini og rötgróinni tilhneigingu til útilokunar fyrr og síðar. „Utangarðsfólk er fólk sem fær ekki að koma inn fyrir garðinn okkar og svona útilokunarkúltúr hefur viðgengist í hópum fólks sem hefur útilokað einstaklinga innan hópsins. Sem er ákveðin þöggun, sko, og þetta hefur gerst í skólum, á vinnustöðum og svoleiðis.“

Útilegumenn á Hrauninu

Jón bendir í framhaldinu á að slauf-



Jón Gnarr hefur komist að því að Skugga Sveinn er varasamur viðureignar enda ekki alveg óskyldur Georg Bjarnfredarsyni sem Jón þekkir einnig manna best.

MYND/AUÐUNN NIELSSON

Málstofa um Skugga Svein

Frumsýning Skugga Sveins, eftir Matthías Jochumsson, gaf Leikfélagi Akureyrar, Flóru menningarhúsi og Símenntun Háskólans á Akureyri tilefni til að bjóða upp á málþing með umræðum og umfjöllun um leikritið og þjóðskáldið en árið 2020 voru liðin 100 ár frá andláti Matthíasar.

Málstofan verður í Sigurhæðum fimmtudaginn 17. febrúar milli klukkan 17.00 og 18.30. Gengið er að Sigurhæðum frá miðjum kirkju-tröppum. Takmarkað sætapláss. Skráning á simenntunha.is.

Dagskrá:

- Kristín Þóra Kjartansdóttir – Húsið Sigurhæðir, listamaðurinn Matthías og fjölskylda.
- Jón Gnarr – Útilegumennirnir í verkinu með hliðsjón af hugtakinu útilokunarmenning (cancel culture) nútímans.
- Björgvin Franz, Þórdís Björk Þorfinnsdóttir, Árni Beinteinn – Tónlist.
- Marta Nordal, leikstjóri og leikstjóri verksins – Umræður.



Jón Gnarr

unarmenningin tengist oft meira „einherju þjóðþekktu fólki sem gerir eða segir eitthvað sem brytur í bága við svona það sem telst eðlileg dómgreind. Eða heldur fram einhverjum skoðunum sem þykja vafasamar. En ég lít sko bara á þetta í svölitið breiðu samhengi.

Nú er leikritið, Skugga Sveinn, náttúrulega svona ákveðinn óður til íslenskra útlaga og fjallar um nokkra sem hafa gerst útlagar af mismun-

andi ástæðum,“ segir Jón sem í glímu sinni við persónu Skugga Sveins fann óvæntan þráð milli útlaga Matthíasar og tveggja þekktra fanga á Litla-Hrauni úr dægurmenningarsögu síðari tíma.

„Og það er í rauninni alveg fáránlegt að þegar við erum að leika þetta þá sé ég að samband Skugga Sveins og Ketils skræks er í rauninni ekkert ósvipað sambandi Georgs Bjarnfredarsonar og Kenneths Mána,“ segir Jón sem varð nánast fyrir hugljómun á leiksviðinu fyrir norðan.

„Ég fékk alveg svona bara: Já, einmitt! En samt hef ég aldrei talið mig undir einhverjum sérstökum áhrifum frá Matthías Jochumssyni, sko.



Það fólk á síðan misjafnlega auðvelt með að komast inn í samfélagið aftur. Sérstaklega virðist það eiga erfitt með að komast inn í Samfylkinguna.

Varasöm persóna

Jón segir aðspurður að hugsanlega nálgist hann viðfangsefni málþingsins að einhverju leyti frá sjónarhóli Skugga Sveins sem hann hefur undanfarið varið miklum tíma með.

„Mér finnst Skugga Sveinn og ástæður þess að hann velur að vera glæpamaður athyglisverðar. Þetta er mjög vandasamt. Ég meina, hann er glæpamaður, hann er þjófur, hann er morðingi og hann er kynferðisglæpamaður. Þannig að það er svolítil áskorun hvernig ég meðhöndla hann.“

Þá þykir fulltrúa Skugga Sveins á Íslandi 2022 slaufunarmenningin ekki síður athyglisverð en útilegumaðurinn sjálfur. „Mér finnst þetta athyglisvert en hef svona ekki mótað mér ákveðna skoðun á því þannig sko. Hvort þetta er alvont eða algott eða einhvers staðar þar á milli.“ ■





TÆKIFÆRI TIL AÐ

PANNA SIG

PÖNNUTILBOÐ ALLA DAGA Í FEBRÚAR

STÓR PIZZA ★ 1.590

PEPPERONI • HAWAII • MARGARITA • EF ÞÚ SÆKIR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði



Bakþankar

Láru G.
Sigurðardóttir

Stormur

Eitt sinn var bankað upp á heima hjá mér að loknum vinnudegi. Þegar ég opnaði dyrnar stóð ungur drengur í dyragættinni sem sagði: „Uhhh ... trampólínið ykkar er í innkeyrslunni okkar.“ Saga þessi rifjaðist upp í óveðrinu um daginn og hækkaði stressmælinn allverulega. Með eiginmanninn víðs fjarri dröslaði ég inn snævi þöktu grilli og öðru sem kona ræður við. Krossaði svo fingur að hitt stæði af sér storminn og klappaði sjálfri mér á bakið fyrir að tryggja lausamuni eftir bestu getu.

Síðustu tvö ár hefur annars konar stormur geisað. Til að draga úr líkum á heilsutjóni hvetja yfirvöld okkur til að þiggja bólu-setningu, spritta putta, halda okkur í hæfilegri fjarlægð frá öðrum og fela okkur á bak við grímu. Mér hefur þótt athyglisvert að lítið er lagt upp úr vörnum sem eru ekki síður mikilvægar. Til dæmis að borða mat sem kemur beint úr náttúrunni, eins og spergilkál sem inniheldur um 500 næringarefni á meðan fjölvítamín gefa þér mest 30. Til að ónæmisfrumur starfi eðlilega þurfa þær að hafa aðgang að C- og D-vítamíni, sinki, seleni, járni og próteinum, sem best er að fá úr náttúrunni. Pillur virka ekki jafn vel og geta stundum valdið skaða.

Við þurfum líka að gefa okkur tíma til að sofa og slaka á, eiga í góðum samskiptum við fólkið okkar, hreyfa okkur markvisst og halda áfengi og tóbaki í núlli eða algjöru hófi. Heilbrigtt hófstíllt lífferni gerir ónæmiskerfið okkar hæfara til verjast sýklum. Vissulega veikjast sumir sem gera allt rétt, en með því að passa upp á heilsuna minnkum við verulega líkurnar á heilsutjóni.

Nú reynum við að koma eigum okkar í öruggt skjól þegar stormur er í aðsigi, en hvað með eigin heilsu – hvað gerir þú til að verjast heilsutjóni? ■

Gæðin eru staðfest.

Kia efst áttunda árið í röð hjá J.D. Power.



Áreiðanleikakönnun J.D. Power 2022

1. sæti í flokki allra bílaframleiðenda
1. sæti í flokki söluhæstu bílaframleiðenda



Movement that inspires

Kia er í efsta sætinu í árlegri áreiðanleikakönnun bandaríska greiningarfyrirtækisins J.D. Power yfir bílaframleiðendur. Þetta er áttunda árið í röð sem Kia er í efsta sætinu í flokki bíla sem teljast magnsölubílar. Þetta er þó í fyrsta skipti sem Kia er í fyrsta sæti yfir öll bílamerki og því er sannarlega um tímamót að ræða.

Komdu og reynsluaktu Kia.
Við tökum vel á móti þér.



Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsland

*Forsendur ábyrgðar eru regulegt þjónustuefirlit sem kaupandi ber kostnað af. Lestu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.



pappír
umhverfið
prentun



LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is